


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Híbýli og viðhald




Rakel Sif Sigurðardóttir
*Aðstoðar fólk við að tvinna heilsusamlegri lifnaðarhætti inn í líf sitt.*
allt 1




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
23. nóvember 2010
275. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Potts vill bjór
*Óperusöngvarinn Paul Potts er ekki kröfuharður en vill þó íslenskan bjór eftir tónleikana í Laugardalshöll.*
fólk 38

## Lögfræðinga víða þörf
*Guðmundur Sigurðsson er nýr forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.*
tímamót 20



## Njarðvík enn í fallsæti
*Keflavík vann góðan sigur á nágrönnum sínum í Njarðvík í gær.*
sport 32



**VEL HEPPNUÐ TILRAUN** Unnið er að því að ganga frá þaki hússins á Lækjargötu 2 sem fór illa í eldi 18. apríl 2007. Til verksins nota steinsmiðirnir íslenskt blágrýti, eða svokallað stuðlaberg, úr Hreppholahnjúkum í landi óðalsjarðarinnar Hreppхóla í Hrunamannahreppi. Steinsmiðja S. Helgasonar sagaði blágrýtið niður og segir Stefán Ari Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, að stuðlaberg hafi ekki verið notað með þessum hætti áður. Hugmyndin er komin frá arkitektum hússins, stofunum Gullsniði, Stúdíó Granda og Argos, og er „vel heppnuð tilraun," að mati Stefáns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Létu undan þrýstingi kjördæmisþingmanna

**Þingmenn að norðan beittu sér fyrir því að samið yrði um bætur til Árbótar-hjóna. Samningaviðræður hófust þremur mánuðum fyrr en stjórnvöld fullyrða.**

**FÉLAGSMÁL** Þrýstingur frá þingmönnum Norðausturkjördæmis varð til þess að félagsmálaráðuneytið ákvað að ganga til samninga við rekstraraðila meðferðarheimilisins Árbótar um bótagreiðslur. Þetta segir Árni Páll Árnason, þáverandi félagsmálaráðherra, berum orðum í tölvupósti sem Fréttablaðið hefur fengið í hendur frá ráðuneytinu.

„Hef áhyggjur af því að klára málið með öllum þessum útgjöldum fyrir BVS [Barnaverndarstofu] í andstöðu við forstjóra stofnunarinnar. Af hverju erum við að borga meira en 30 milljónir umfram skyldu? Hvers vegna? Jú – vegna sanngirnissjónarmiða og þrýstings frá kjördæmisþingmönnum." Svo segir í tölvupósti sem Árni Páll sendi á ráðuneytisstjóra sinn, aðstoðarmann og skrifstofustjóra í ráðuneytinu 7. maí.

> Treysti því að Steingrímur komi þessu í höfn.
>
> KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON ALÞINGISMAÐUR

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðiflokksins úr Norðausturkjördæmi, sendi tölvupóst á póstlista þingmanna kjördæmisins 29. mars. Þar segir: „Sæl og blessuð. Ég var að ræða við Hákon í Árbót áðan. Skemmst er frá því að segja að ekkert nýtt er að frétta af þeirra málum annað en Barnaverndarstofa sendir bara nýja unglinga til þeirra í vist. Þessu verður endilega að koma í annan og betri farveg því þetta leggst alltaf þyngra og þyngra á blessað fólkið. Treysti því að Steingrímur komi þessu í höfn."

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði málið eðlilegt á Alþingi í gær. Eftir að Barnaverndarstofu hefði mistekist að ná lendingu í málinu hefði hún óskað eftir aðkomu félagsmálaráðuneytisins í marslok og við því hefði verið brugðist. Það sama kom fram í fréttatilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu í gær.

Tölvupóstsamskipti sýna hins vegar ótvírætt að samningaviðræður á milli Steingríms, félagsmálaráðuneytisins og Árbótarhjóna voru farnar af stað í byrjun janúar, viku eftir að Barnaverndarstofa sagði þjónustusamningnum upp með samþykki félagsmálaráðuneytisins.

Það var síðan ekki fyrr en forstjóri Barnaverndarstofu var beðinn um að óska eftir því að félagsmálaráðuneytið tæki við málinu í marslok sem málið færðist formlega yfir á forræði ráðuneytisins

Ekki náðist í Árna Pál Árnason í gær. - sh, th / sjá síðu 6

Hörmungar í Kambódíu:
## Mörg hundruð tróðust undir

**KAMBÓDÍA Að minnsta kosti 345 létust og 450 slösuðust í troðningi sem varð á þröngri brú í Phnom Pehn, höfuðborg Kambódíu, í gær en þar var verið að fagna lokum vatnahátíðar.**

**Khieu Kanharith, upplýsingaráðherra Kambódíu, sagði að flestir hefðu kafnað eða látist vegna innvortis meiðsla.**

**Ekki var vitað með vissu í gær hvað olli troðningnum. - kh**

**veðrið í dag**




**BJART SYÐRA** Í dag verða víðast norðan 3-8 m/s. Skýjað N- og A-til með stöku éljum en bjart syðra. Frost víðast 0-10 stig.
VEÐUR 4


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI FRÓÐLEIKUR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. vísir.is










## SPURNING DAGSINS



*Hanna, ertu nokkuð fædd með silfurskeið í munni?*

„Það held ég alveg örugglega ekki, enda er betra að þurfa að hafa svolítið fyrir hlutunum."

Hanna Pálsdóttir myndlistarkona sýndi lesendum Fréttablaðsins í gær stóra framreiðsluskeið úr silfri sem henni þykir afar vænt um og hún erfði eftir Sigurborgu Sigurðardóttur ömmu sína.

Fleiri bruggmál hafa komið til kasta lögreglunnar að undanförnu:

# Viðbúið að sótt sé í bruggið

**LÖGREGLUMÁL** Heimabrugg virðist hafa aukist talsvert að undanförnu og hefur lögreglan haft í nokkru að snúast í þeim málum.

Bruggverksmiðjur eru jafnvel farnar að skjóta upp kollinum, að því er Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir.

„Við tökum heilmikið hér um daginn og þetta er alltaf að koma upp af og til. Í þessu stóra tilviki var framleiðslan meira að segja sett upp í sérhúsnæði."

Hann játar því að ástandinu sé farið að svipa til þess sem viðgekkst hér á landi á árum áður.

„Það mátti alveg búast við því. Þegar vökvinn er dýr leita menn í eitthvað ódýrara."

Geir Jón segir að þó lögregla sé ekki í opinberu átaki gegn bruggi berist henni fjölmargar ábendingar sem hún svo vinnur úr.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er talsvert um neyslu á heimabrugguðu áfengi, sem virðist haldast í hendur við minni sölu, auknar álögur og hækkandi útsöluverð. Samkvæmt könnun Capacents fyrir Samtök atvinnurekenda hafa þrjú af hverjum fjórum ungmennum á aldrinum 16 til 19 ára neytt eða orðið vör við bruggneyslu síðustu 12 mánuði. - þj



**MEIRA BRUGG** Heimabrugg hefur aukist talsvert að undanförnu að sögn lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Töluverður áhugi á Högum:

# Tíu hafa gert tilboð í Haga

**VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands, KEA, Stefnir, Auður Capital, bandarískir eigendur Eimskips og Saga Fjárfestingarbanki eru á meðal þeirra sem gert hafa tilboð í Haga. Fyrri eigendur hvorki neita því né játa að vera í hópi áhugasamra. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Arion banki auglýsti í október eftir tilboðum í Haga. Tíu óskuldbindandi tilboð bárust, bæði frá innlendum og erlendum aðilum.** - þþ



**ÞINGMENN GRÆNINGJA** Græningjar, litli samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn Brians Cowen, segjast vilja leysa upp þing í janúar og boða til kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írum settar strangar kröfur:

# Græningjar vilja kosningar

**ÍRLAND Daginn eftir að írsk stjórnvöld þáðu boð Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um neyðaraðstoð setti Evrópusambandið þau skilyrði að Írar yrðu að fara út í harkalegar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum.**

**Írska stjórnin tilkynnti jafnframt í gær að bönkum í landinu yrði fækkað, sumir yrðu seldir og aðrir sameinaðir.**

**Óljóst er hvort írska stjórnin lifi nú út kjörtímabilið, því Græningjaflokkurinn, lítill flokkur sem tekur þátt í stjórnarsamstarfi með stóra flokknum Fianna Fáil, flokki forsætisráðherrans. Brians Cowen, segist vilja kosningar í byrjun næsta árs.**

**ESB hefur boðist til að greiða Írum allt að 60 milljarða evra, og AGS býður allt að helming þeirrar fjárhæðar í viðbót. Bretar hafa sömuleiðis lofað nágrönnum sínum 8,1 milljarði evra í lán og Svíar segjast einnig reiðubúnir að lána 1,1 milljarð evra.** - gb

# Byggt við Hnitbjörg til að bæta aðgengi gesta

**Listasafn Einars Jónssonar áformar að reisa tengibyggingu við hið friðaða hús Hnitbjörg til að bæta aðgengi. Studio Grandi hefur hannað frumgerð byggingarinnar. Húsafriðunarnefnd gerir ekki athugasemd við áætlanir listasafnsins.**

**MENNINGARMÁL** Listasafn Einars Jónssonar undirbýr nú byggingu tengihúss á austanverði lóð safnsins á Skólavörðuholti. Studio Grandi hefur hannað frumgerð að viðbyggingunni.

Júlíana Gottskálksdóttir, forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, segir ekki tímabært að greina frá því hverjar séu fyrirætlanir safnsins. Í tillögu sem send var skipulagsyfirvöldum í Reykjavík kemur hins vegar fram að unnið hafi verið að málinu síðan vorið 2008.

„Niðurstaðan er sú að raunhæfasti kosturinn sé að byggja við austurálmu, á milli aðalhúss og garðhúss. Viðbyggingin er því tengibygging en jafnframt annar inngangur í safnið fyrir hreyfihamlaða og þá sem koma frá garði til dæmis hópa. Í húsinu verður jafnframt nauðsynleg aðstaða sem nú vantar í safnið," segir í greinargerð.

Borgarminjavörður segir nýbygginguna taka tillit til beggja húsanna á lóðinni og til umhverfisins. Húsafriðunarnefnd segir viðbygginguna falla vel að byggingarlist safnsins og að hún sómi sér einnig sem sjálfstætt höfundarverk.

Hnitbjörg eru friðuð. Elsti hluti hússins var reistur 1916 en hliðarsalirnir báðir voru ekki komnir fyrr en 1937. Laust eftir síðari heimsstyrjöldina var síðan byggt garðhús við austurmörk lóðarinnar. Það hús þjónar sem skrifstofa starfsmanna listasafnsins. Nýja viðbyggingin á að tengja þetta garðhús við aðalbygginguna.

„Efnisnotkun verður sótt í það sem fyrir er á staðnum, skeljasandssteining eins og Hnitbjörg, grásteinsklæðning í framhaldi af mosavöxnum garðhleðslum auk koparklæðningar, viðar, sjónsteypu og glers," segir í greinargerð með tillögunni þar sem ítrekað er að núverandi hönnun sýni form og umfang tengibyggingarinnar aðeins í grófum dráttum.

Fram kemur að áhersla sé lögð á að aðalinngangurinn í Hnitbjörg haldi sér: „En vegna aðgengis hreyfihamlaðra er opnuð leið eftir hallandi gangstíg niður að nýrri tengibyggingunni og þaðan inn á neðri hæð safnsins. Aðkoma frá garði er sömuleiðis um tengibygginguna inn í afgreiðslu og safnbúð, en þar til hliðar er salernisaðstaða og fatahengi. Aðrir húshlutar eru lítill sýningarskáli næst garðhúsi og stærra rými meðfram austurmörkum lóðar fyrir geymslu verka og vinnuaðstöðu." gar@frettabladid.is



**HNITBJÖRG** Á þessari samsettu mynd Fréttablaðsins sést hvar viðbyggingunni við Hnitbjörg er ætlað að rísa samkvæmt útfærslu Studio Granda. SAMSETT MYND/JÓNAS



**EINAR JÓNSSON MYNDHÖGGVARI**



**JÚLÍANA GOTTSKÁLKSDÓTTIR**

> „Efnisnotkun verður sótt í það sem fyrir er á staðnum, skeljasandssteining eins og Hnitbjörg.
>
> GREINARGERÐ UM VIÐBYGGINGU SAFN EINARS JÓNSSONAR



**AFGANSKIR HERMENN** Aðeins tíundi hver liðsmaður afganska hersins og lögreglunnar er læs. NORDICPHOTOS/AFP

Afganar með öryggismálin:

# Lestrarkennslan er í forgangi

**AFGANISTAN** Mikið skortir upp á að liðsmenn lögreglu og hers séu færir um að taka að sér umsjón öryggismála í Afganistan. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Portúgal fyrir helgi, kom fram að vonir stæðu til að heimamenn í Afganistan yrðu árið 2014 orðnir færir um að sinna þessum störfum svo erlenda herliðið gæti yfirgefið landið.

Meðal þess sem stendur í vegi fyrir því að heimamenn geti tekið við öryggismálum er lestrarkunnátta heimamanna. Einungis 11 prósent afganskra hermanna og lögreglumanna eru læs. Læsi meðal yfirmanna er ekki nema 35 prósent. Í samræmi við þetta hefur lestrar- og skriftarkennsla verið fyrirferðarmest í þjálfun hermanna.

Ólæsið veldur margvíslegum erfiðleikum í daglegum verkum hermanna og lögreglumanna. - gb

## SJÁVARÚTVEGUR

### Hálfnaðir með ýsuna

Krókaaflamarksbátar hafa veitt 4.513 tonn af ýsu það sem af er fiskveiðiárinu, sem eru 47 prósent af úthlutuðum heimildum. Alls hafa þeir bætt við sig 625 tonnum með því að leigja heimildir úr aflamarkskerfinu, en á síðasta fiskveiðiári juku þeir ýsuheimildir sínar um alls 2.794 tonn með leigu aflaheimilda.

## LÖGREGLUMÁL

### Vara við skreiðarsvindlara

Sendiherra Nígeríu, Kemafor Nonyerem Chikwe, hefur varað skreiðarseljendur við ólögmætum viðskiptaháttum með íslenska skreið. Breti sem svikið hefur nígeríska skreiðarkaupendur árum saman í sýndarviðskiptum með skreið frá Íslandi er staddur hér á landi, að sögn sendiherrans og samkvæmt frétt frá Íslandsstofu.






Nemendur Valhúsaskóla urðu fyrir barðinu á bíræfnum þjófi:

# Stal fimm rándýrum úlpum

**LÖGREGLUMÁL** Fimm rándýrum úlpum var stolið frá skólabörnum í Valhúsaskóla í gærmorgun. Stúlka náðist á mynd í öryggismyndavél, þar sem hún var að skoða úlpurnar og velja úr þær sem hún síðan tók með sér út. Málið var kært til lögreglu í gær.

„Þetta gerðist allt mjög hratt og ég held að enginn sé óhultur. Við erum bara óheppin," segir Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri í Valhúsaskóla.

Úlpurnar sem stolið var voru frá 66°Norður og slíkar flíkur kosta allt að sjötíu þúsund krónum.

„Það eru læstir skápar í skólanum, sem öll börnin geta notað. Við munum svo sannarlega bregðast við þessu," segir Guðlaug um viðbrögð skólans við þjófnaðinum. „Vitaskuld er það ansi hart að þurfa að gera ráð fyrir að svona lagað geti komið fyrir. En við verðum að horfast í augu við það."

Guðlaug segir að einungis úlpur stúlkna hafi verið teknar. Stúlkan sem náðist á mynd hafi sést koma þrisvar inn í fatahengið þegar enginn hafi verið á svæðinu. Svo sýndist sem hún hefði kannað hvort úlpurnar væru merktar áður en hún tók þær.

„Við viljum brýna fyrir foreldrum barnanna að merkja úlpurnar þeirra almennilega," segir Guðlaug og bætir við að merkingarnar þurfi að vera óafmáanlegar. - jss




**VALHÚSASKÓLI** Úlpuþjófurinn náðist á öryggismyndavél.

# 90,5% VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

**Samkvæmt nýrri þjónustukönnun eru meira en 90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.**

Við erum stolt af þessum frábæra árangri enda eru viðskiptavinir okkar kröfuharður hópur sem hefur reynslu og samanburð af viðskiptum við stóru bankana.

**Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

## DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI

„Fólkið er frábært og yndislegt. Halda því áfram."

„Mæli með ykkur og veit að sumir af mínu fólki og vinum hafa komið til ykkar."

„Æðisleg þjónusta."

„Er nýlega flutt yfir til MP banka. Mjög ánægð og hef engu við það að bæta. Takk fyrir mig og mína."

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig."

„Keep up the good work!"

„Starfsfólk bankans á mikið hrós skilið."

„Svona eiga bankar að vera!"




Þjónustukönnunin var gerð af Capacent fyrir MP banka í september

Fiton/SÍA

**GENGIÐ 22.11.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,76 | 112,3 |
| Sterlingspund | 179,39 | 180,27 |
| Evra | 153,54 | 154,4 |
| Dönsk króna | 20,59 | 20,71 |
| Norsk króna | 18,772 | 18,882 |
| Sænsk króna | 16,376 | 16,472 |
| Japanskt jen | 1,3389 | 1,3467 |
| SDR | 174,36 | 175,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,2028

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**STYTTA AF KRISTI** Pólverjar hafa reist styttu af Kristi sem er þréttán metrum hærri en styttan fræga í Rio de Janeiro. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reisa risastóra Kristsstyttu:

## Hærri en styttan í Brasilíu

**PÓLLAND, AP** Stærsta Kristsstytta heims verður innan skamms helguð almættinu í pólska bænum Swiebodzin í Póllandi. Pólverjar segja styttuna stærri en þá sem trónir yfir Rio de Janeiro í Brasilíu.

Styttan er rúmur 51 metri á hæð, sé grunnurinn sem hún stendur á talinn með, og verður því heilum þréttán metrum hærri en styttan í Ríó. Heimamenn vona að með þessu muni ferðaþjónusta blómstra í bænum, meðan aðrir gagnrýna uppátækið og segja það stríða gegn boðskap Krists.

Hundruð manna söfnuðust saman í bænum um helgina og báðu fyrir því að lokafrágangur gangi vel fyrir sig. Styttan ber heitið „Konungurinn Kristur“. - sm

Lítið sparast við sameiginleg innkaup á mat í skólum í Vesturbæ Reykjavíkur:

# Gæðin orðin meiri en áður

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við erum svo sannarlega að kaupa meiri gæði, hráefnið hefur verið mjög gott að flestra mati. En verkefnið hefur ekki skilað mikilli hagræðingu og fjárhagslegum ávinningi,“ segir Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri leikskólasviðs í Reykjavík og formaður starfshóps sem skoðar rekstrarhagræðingu í mötuneytum skóla í höfuðborginni.

Tilraunaverkefni hefur staðið yfir frá í september og gengur út á að samræma innkaup á hráefni fyrir tíu leikskóla og fjóra grunnskóla í vesturbæ Reykjavíkur. Innkaupastofnun Reykjavíkur sér um innkaupin. Næringarfræðingur fylgist með gangi tilraunarinnar. Verkefninu lýkur í næsta mánuði og verður þá árangurinn metinn.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segir erfitt að meta árangurinn af verkefninu, það hafi staðið yfir í stuttan tíma auk þess sem september skekki myndina þar sem skólar birgi sig þá upp fyrir veturinn. „En þetta er spennandi verkefni og sannarlega þess virði að skoða þetta,“ segir Oddný. - jab



**KRAKKAR Í MÖTUNEYTI** Lítið sparast við sameiginleg innkaup á mat í nokkrum skólum. En gæðin eru meiri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bílslys í Sádi-Arabíu:

## Kvenkyns ökumaður lést

**SÁDI-ARABÍA, AP** **Kona á þrítugsaldri lést er bifreið hennar hvolfdi í Sádi-Arabíu á laugardag. Þrír farþegar létust auk bílstjórans en alls voru tíu manns í bifreiðinni þegar hún valt. Hinir farþegarnir sluppu með minniháttar meiðsl en voru fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar.**

**Samkvæmt sádi-arabískum lögum mega konur ekki aka bíl. Þrátt fyrir það hafa mörg umferðarslys orðið á undanförnum árum þar sem konur hafa verið ökumenn.** - sm

# Japanar vilja hitaveitu að íslenskri fyrirmynd

**Japanar hafa óskað eftir samstarfi við Íslendinga um jarðhitanýtingu. Utanríkisráðherra og fulltrúar Orkuveitunnar ræddu við japanska sjóði og ráðuneyti til að liðka fyrir fjárfestingum í túrbínum. Ráðherra er bjartsýnn á framhaldið.**

**UTANRÍKISMÁL** Japönsk stjórnvöld hafa óskað eftir auknu samstarfi við Íslendinga um nýtingu jarðhita. Japanar hafa ákveðið að verja gríðarlegum fjárhæðum til að byggja upp endurnýjanlega orkugjafa í þróunarlöndunum, að sögn Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra.

Össur var í Tókýó í síðustu viku þar sem hann hélt fyrirlestur á stórri jarðhitaráðstefnu sem Ísland og Japan héldu sameiginlega í Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

„Japanar eru framarlega í notkun háhita til að framleiða raforku en það kom mér á óvart hversu miklir möguleikar eru á ákveðnum svæðum í Japan til að koma upp hitaveitum að íslenskri fyrirmynd,“ segir Össur. Hann segir nokkur af stóru verkfræði- og orkufyrirtækjum Japana þegar hafa lýst vilja skriflega til að fá íslensk verkfræðifyrirtæki til liðs við sig í því skyni að hitaveituvæða nokkrar borgir í Japan.

Tilgangur Japansferðarinnar var einnig að ræða við opinbera sjóði og ráðuneyti sem veita ábyrgðir til að liðka fyrir fjárfestingum. Er þá átt við kaup Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á túrbínum sem notaðar hafa verið við jarðhitavinnslu. Össur segir fjármögnun hafa verið erfiða eftir bankahrunið.

„Það er óhætt að segja að undirtektir voru góðar, bæði hjá sjóðum og ráðherrum,“ segir Össur. Með í för voru fulltrúar frá Orkuveitu Reykjavíkur (OR), þar á meðal Helgi Þór Ingason forstjóri.

„Þetta gekk ágætlega,“ segir Helgi. „Þetta er flókið mál að komast í gegn um og við vorum spurðir margra spurninga og við gátum öllum svarað. Ég er mjög þakklátur ráðuneytinu fyrir góða frammistöðu og segir skipulag.“

Össur tekur undir orð Helga og segir menn almennt vera bjartsýna á framhaldið. Besta fjárfesting japönsku sjóðanna væri að tryggja liðveislu íslenskra sérfræðifyrirtækja, sem væru fremst á því sviði.

„Ég átti viðræður bæði við utanríkis- og iðnaðarráðherra Japan og í lok ráðstefnudagsins lýstu stjórnvöld yfir að þau myndu óska eftir því við Íslendinga að þeir tækju þátt í sérstökum vinnuhópi um hvernig best væri hægt að haga samstarfi Japana og Íslendinga varðandi nýtingu jarðhita, bæði í Japan og í þróunarlöndunum,“ segir utanríkisráðherra. sunna@frettabladid.is



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Japönsk stjórnvöld hafa óskað eftir íslenskri þekkingu á jarðhitanýtingu. Utanríkisráðherra segir menn almennt bjartsýna á framhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**HELGI ÞÓR INGASON**

Tveir Þjóðverjar í haldi í Írak:

## Blaðamenn sakaðir um njósnir

**BERLÍN, AP** Írönsk stjórnvöld hafa sakað tvo blaðamenn frá þýska blaðinu Bild am Sonntag um njósnir.

Blaðamennirnir voru handteknir fyrir mánuði en þeir voru staddir í Íran vegna dómsmálsins yfir Sakineh Ashtiani, konunni sem grýta átti til dauða. Írönsk stjórnvöld segja blaðamennina hafa skort tilskilin leyfi til að vera í landinu. Ritstjóri Bild am Sonntag segir ásakanirnar aftur á móti út í hött og vill að írönsk stjórnvöld sleppi blaðamönnunum undir eins. - sm

Konur til stjórnlagaþings:

## Opið hús fyrir frambjóðendur

**JAFNRÉTTISMÁL** **Feministafélag Íslands brýnir mikilvægi þess að fólk kjósi konur til stjórnlagaþings til jafns við karla. Félagið hefur boðið öllum kvenframbjóðendum til opins húss þar sem almenningi gefst tækifæri til að kynnast frambjóðendum, áherslumálum þeirra og stefnum.**

**„Sagan hefur sýnt að töluvert hefur hallað á hlut kvenna í persónukjörum,“ segir í tilkynningu frá félaginu.**

**Samkoman verður haldin á morgun í Hugmyndahúsi Háskólanna frá klukkan 17 til 20.** - sv

**SAMGÖNGUR**

**Umferðarþing 2010**

Er hægt að koma í veg fyrir banaslys? er yfirskrift Umferðarþings 2010 sem haldið verður á Grand hótel í Reykjavík á morgun. Claes Tingvall, yfirmaður umferðaröryggisdeildar hjá Trafikverket í Svíþjóð, er aðalgestur þingsins. Skráningu á þingið lýkur í dag.

Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VARASÖM HÁLKA** Það verða litlar breytingar í veðri næstu daga. Vindur verður mjög hægur og víða léttskýjað. Veður verður því áfram afskaplega gott en hins vegar getur myndast mjög varasöm hálka við þessar aðstæður.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 7° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 16° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -6° |
| París | 7° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

-5kr.

DÆLULYKILL

# Atlantsolíudagur

Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna afslátt** fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.



**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Lónsbraut 2, 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 49320 02/10

**FRÉTTASKÝRING:** Bætur til meðferðarheimilisins Árbótar

## Stendur ekki uppi í hárinu á Steingrími



**Bragi Guðbrandsson**, forstjóri Barnaverndarstofu, vill lítið tjá sig um málið. „Það getur enginn staðið uppi í hárinu á Steingrími J. Sigfússyni," segir Bragi.

Hann vísar á bug ummælum fjármálaráðherrans, sem sagði á Alþingi í gær að uppbygging meðferðarheimila á undanförnum árum hefði ekki verið útlátalaus fyrir ríkið þar sem hvert heimilið á fætur öðru hefði verið sett á stofn og sum aldrei komist í rekstur áður en þeim hefði verið lokað aftur.

„Þetta er ekki rétt og ég veit satt að segja ekki hvað maðurinn er að tala um. Ríkið hefur til dæmis bara byggt upp eitt meðferðarheimili á Íslandi, Stuðla í Fossaleyni í Reykjavík, og það er í fullum rekstri," segir Bragi.



**ÁRBÓT Í ÞINGEYJARSÝSLU** Rætt var um málefni Árbótar í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær.

# Upphæðin hvergi útskýrð

**Í þeim gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum er hvergi að finna faglegan rökstuðning fyrir þeirri þrjátíu milljóna króna greiðslu sem stjórnvöld ákváðu að greiða eigendum meðferðarheimilisins Árbótar í Þingeyjarsýslu vegna starfsloka heimilisins.**

Í samkomulagi um lokun Árbótar kemur fram að rekstraraðilar hafi farið fram á bætur vegna eftirstöðva skulda sem stofnað var til vegna uppbyggingar á heimilinu og vegna skemmda á húsnæðinu. Einnig var tekið fram að eigendurnir vildu bætur vegna kostnaðar við að laga húsnæðið að nýjum notum. Hvergi í samningnum er að finna uppgjör á þessum liðum. Einu ársreikningarnir sem lagðir voru fram voru reikningar Árbótar ehf. en á því félagi hvíldu 2,6 milljóna króna langtímaskuldir. Skuldir Bragabótar ehf., annars félags í eigu eigenda meðferðarheimilisins sem rak fasteignir Árbótar, námu hins vegar 56 milljónum króna í árslok 2009 en þá var eigið fé félagsins 37 milljónir. Hvergi er því skýrt við hvað var miðað þegar ákveðið var að greiða eigendunum þrjátíu milljónir króna.

### Alvarlegar athugasemdir á Alþingi

Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerði alvarlegar athugasemdir við aðkomu Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra að starfslokum meðferðarheimilisins á Alþingi í gær.

„Fer hann að því er virðist með tölvubréfi nokkuð ákveðið inn á verksvið annars ráðherra og hótar að setja málaflokk í gíslingu og knýr þannig fram niðurstöðu í málinu," sagði Ólöf, sem spurði Steingrím hvort þessi vinnubrögð væru honum sæmandi. Þá spurði hún hvort leitað hefði verið álits ríkislögmanns á því hvort greiða ætti eigendum Árbótar þrjátíu milljónir króna í bætur vegna lokunar heimilisins.

Steingrímur sagði málið á forræði félagsmálaráðuneytisins.

„Það var í þess höndum að taka við málinu eftir að Barnaverndarstofu og rekstraraðilum heimilisins mistókst að ná samkomulagi um lyktir mála," sagði Steingrímur. „Barnaverndarstofa óskaði þá sjálf eftir því að félagsmálaráðuneytið yfirtæki það mál og reyndi að leiða það til lykta og þá gerði síðan félagsmálaráðuneytið og það var að tillögu embættismanna og lögfræðinga þess sem gengið var til samkomulags við rekstraraðilana um uppgjör á málinu. Það var í einu og öllu farið að því sem eðlilegt var.

Það er þannig með þessa samninga að í þeim er ekki ótvírætt uppsagnarákvæði heldur endurskoðunarákvæði. Þetta viðurkenndi Barnaverndarstofa í reynd með því að ganga til viðræðna við rekstraraðilana í framhaldi af því að hafa tilkynnt þeim um uppsögn í lok árs. Það náðust hins vegar ekki samningar og þá sagði Barnaverndarstofa sig frá því og vísaði því yfir til félagsmálaráðuneytisins sem eftir það fór með forræði á málinu og lagði síðan fram tillögu að lausn og tillögu að samningi sem fjármálaráðuneytið féllst á og staðfesti fyrir sína hönd. Í kjölfarið var minnisblaði dreift í ríkisstjórn sem samþykkti að ljúka málinu með þessum hætti og óska eftir fjárheimild í fjáraukalögum. Ég tel að það hafi verið eðlilega unnið að þessu máli á allan hátt og í samræmi við lögheimildir og góðar stjórnsýsluvenjur."

### Ráðuneytið bað um forræðið

Í gögnum sem Fréttablaðið er með undir höndum kemur skýrt fram með hvaða hætti félagsmálaráðuneytið fékk forræði í málinu. Í tölvupósti sem Einar Njálsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, sendi Braga Guðbrandssyni, forstjóra Barnaverndarstofu, 24. mars segir: „Bolli (Þór Bollason, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins) ræddi við mig í morgun um málefni Árbótar. Hann vill koma skrið á málið með frumkvæði ráðuneytisins. Eins og við ræddum í símtali fyrir skömmu þarf að ganga formlega frá því gagnvart Barnaverndarstofu. Í samræmi við það samtal okkar bið ég þig að senda ráðuneytisstjóra tölvupóst þar sem þú óskar eftir því að ráðuneytið taki að sér fyrir Barnaverndarstofu að annast samninga við Árbót um lok á þjónustusamningi." Önnur gögn sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að ráðuneytið hafði byrjað samningaferlið við eigendur Árbótar í byrjun janúar þrátt fyrir að málið væri þá formlega enn í höndum Barnaverndarstofu, sem er sjálfstæð stjórnsýslustofnun.

Á Alþingi í gær sagði Steingrímur að í rekstrarsamningnum við Árbót væri ekki ótvírætt uppsagnarákvæði heldur endurskoðunarákvæði. Í samningnum segir: „Komi til ófyrirséðra breytinga, sem að mati annars eða beggja samningsaðila, raski forsendum samnings þessa, getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunar eða uppsagnar samnings."

Steingrímur J. sagði að málið hefði aldrei verið á því stigi að það þyrfti að leita álits ríkislögmanns „því það var ekki komið upp neitt bótaálit eða annað í þeim dúr. Áhyggjur okkar hins vegar í janúarmánuði sneru að því ef þarna væri enn eina ferðina verið að stofna til verulega aukins kostnaðar vegna þess að uppbygging margra meðferðarheimila á undanförnum árum, ef menn kynna sér þá sögu, hefur ekki verið útlátalaus fyrir ríkið þar sem hvert heimilið á fætur öðrum hefur verið sett á stofn. Sum komust aldrei í rekstur áður en þeim var lokað aftur."

### Ekki sameiginlegur vilji

Í tilkynningu sem félagsmálaráðuneytið sendi frá sér í gær segir að gerð samkomulagsins hafi verið óhjákvæmileg og réttmæt. Þá hafi verið sameiginlegur vilji til þess milli Barnaverndarstofu, ráðuneytisins og rekstraraðila að semja um samningslok með greiðslum umfram það sem kveðið var um í uppsagnarákvæði þjónustusamningsins. Þessi fullyrðing stangast á við ítrekuð mótmæli Braga Guðbrandssonar sem hann lét reglulega í ljós við ráðuneytið á þessu ári.




**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



**Trausti Hafliðason**
trausti@frettabladid.is


## Úr lögum um ríkislögmann

2. gr. Ríkislögmaður fer með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð.

## Póstur Steingríms

Í ræðu sinni á Alþingi í gær undraðist **Steingrímur** að „einkapóstur" sem hann sendi Árna Páli Árnasyni hefði birst í Fréttablaðinu í gær „að því er virðist í gegnum Barnaverndarstofu. Það er örugglega þeirra framlag til þess að reyna skapa sátt og frið um þennan málaflokk," sagði Steingrímur.

Með vísan til upplýsingalaga óskaði Fréttablaðið eftir því við Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytið að fá afrit af „öllum gögnum sem varða gerð samkomulags um lokun meðferðarheimilisins að Árbót í Aðaldal, sem nefnt er í lið 400 í nýju fjáraukalagafrumvarpi," eins og segir í tölvupósti blaðsins til ráðuneytisins og Barnaverndarstofu.



Bæði ráðuneytið og Barnaverndarstofa sendu blaðinu afrit af tölvupósti Steingríms.












Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is



# Starfsnám styrkir stöðu þína!

## Yfirlit námsbrauta á vorönn 2011

### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

### Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

### Alvöru vefsíðugerð 240 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### Bókaranám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

OPIN KERFI | Microsoft CERTIFIED Partner Learning Solutions | PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER | PROMETRIC

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

INNRITUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS




# Sjóvá ekki selt í bráð

**Salan á tryggingafélaginu Sjóvá er runnin út í sandinn í bili. Kaupendur segja eigendur trega til að selja. Skilanefnd Glitnis taldi verðið of lágt og hefur ekki setið við samningaborðið frá í sumar. Líklegt er að salan á Sjóvá verði sett í salt.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR** Eigendur Sjóvár voru ekki ánægðir með söluverð fyrirtækisins. Skilanefnd Glitnis taldi það of lágt. Viðmælendur Fréttablaðsins telja að hætt verði alfarið við söluna í bili.

**VIÐSKIPTI** Heiðar Már Guðjónsson og fjárfestar sem honum tengjast, einstaklingar og sjóðir, hafa hætt við kaup á 33 prósenta hlut í tryggingafélaginu Sjóvá. Með kaupunum hefði hópurinn getað fengið forkaupsrétt á helmingi félagsins.

Fyrirtækjasvið Íslandsbanka hefur séð um söluna á Sjóvá í tæpt ár, eða síðan í janúar á þessu ári. Samið var við fjárfestahópinn um mitt ár um verð og afhendingu hlutabréfa. Eignasafn Íslandsbanka hefur farið með 73 prósent hlut í tryggingafélaginu síðan fyrirtækinu var bjargað frá gjaldþroti í apríl í fyrra þegar ríkið og fleiri lögðu 11,6 milljarða inn í Sjóvá. Skilanefnd Glitnis, sem á sautján prósent í félaginu, studdi söluferlið í byrjun árs en taldi verðið of lágt miðað við núverandi vaxtastig. Fulltrúar Glitnis höfðu ekki setið við samningaborðið frá í ágúst.



**HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON**

Morgunblaðið sagði í gær ástæðuna fyrir því að fjárfestahópurinn hætti við kaupin þá að Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefði dregið að innsigla kaupsamninginn með undirskrift. Heiðar útilokaði í október ekki að skrif DV um hann skýrðu tafirnar. Blaðið fjallaði ítarlega um aðkomu hans að íslensku efnahagslífi á árunum fyrir hrun og sagði hann hafa fjárfest gegn krónunni ásamt bandarískum vogunarsjóðum og átt hlut í falli hennar.

Heiðar Már vildi ekki tjá sig um söluferli Sjóvár þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hans í gær.

Í tilkynningu frá fjárfestahópnum segir að Seðlabankanum hafi verið veittur frestur til 22. október síðastliðins til að staðfesta tilboðið, ellegar teldi hópurinn söluferlinu lokið. Ekki var skrifað undir samninginn innan tímamarka og því var hætt við kaupin.

Í tilkynningu sem Seðlabankinn sendi frá sér í gærkvöldi segir að bankinn hafi ekki getað tekið afstöðu til sölunnar fyrir þann tíma sem kaupendur settu. Lögmaður kaupendahópsins og einn meðlima hans hafi verið upplýstir um þessa niðurstöðu og ástæðu hennar á fundi í Seðlabankanum. Seðlabankinn getur að öðru leyti ekki tjáð sig opinberlega um ástæðu þess að ekki var hægt að veita svar fyrir áðurnefndan tímafrest.

Aðrir viðmælendur gátu lítið sagt. Einn hluthafa taldi líklegt að hætt yrði við söluna í bili.

Fjármálaeftirlitið, FME, vann enn að umsókn um hæfi fjárfestahópsins þegar eftirlitinu barst ósk um það á föstudag í síðustu viku að fresta afgreiðslu umsóknarinnar. FME vekur athygli á því að samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi þurfi virkir eigendur tryggingafélaga að uppfylla ýmis skilyrði. Þar á meðal að þeir ráði yfir fjárhagslegum styrk og að orðspor þeirra sé ekki með þeim hætti að það rýri traust félagsins. Ekki fengust svör frá FME um það í gær hvort fjárfestahópurinn hefði uppfyllt skilyrðin eður ei, en aðeins að hætt hefði verið við könnun á hæfi þeirra.

**jonab@frettabladid.is**

Fasteignafélagið Reginn A3 ehf. til sölu

Reginn ehf. dótturfélag Landsbankans hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í fasteignafélaginu Reginn A3 ehf. Félagið á 7 fasteignir sem eru að meginhluta leigðar undir smásölurekstur á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með 24 leigusamninga við 19 leigutaka. Heildarfjöldi útleigðra fermetra er um 7.800.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 350 milljónir króna.

Unnt er að nálgast allar frekari upplýsingar um söluferlið, félagið og önnur gögn, þar með talið trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað fyrir fjárfesta, á vefsíðu Landsbankans, landsbankinn.is, frá klukkan 15.00 þann 23. nóvember 2010.

**Frestur til að skila inn bindandi tilboðum rennur út klukkan 16.00 mánudaginn 20. desember 2010.**

*Reginn ehf. er sértækt dótturfyrirtæki Landsbankans sem fer með eignarhald bankans á fasteignum eða hlutafé fasteignafélaga sem líklegt er að bankinn eigi um einhvern tíma. Stofnun Regins og starfsemi félagsins er einn þáttur í þeim víðtæku ráðstöfunum sem Landsbankinn beitir við fjárhagslega endurskipulagningu atvinnufyrirtækja.*

Reginn

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280



Frón
Frón kemur við sögu
á hverjum jólum
Þú læðist bara
Færð þér eina og eina smáköku frá Frón.
Fáðu þér fjórar tegundir af íslenskum jólasmákökum
í dag á góðu íslensku verði frá Frón.
Frón Mömmukossar
Smakkaðu bara ljúfan mömmukoss.
Frón Vanilluhringir
Fáðu þér ljúffengar vanillukökur.
Frón Súkkulaðibitakökur
Bragðaðu á ekta súkkulaðibitaköku í dag.
Frón Loftkökur
Láttu þær bráðna í munni þér.
Gleðileg íslensk jól
Jólasmákökur frá Frón fást í helstu verslunum.



**KÍNA Í RÓM** Styttur frá Kína getur að líta þessa dagana innan um rómverskar styttur á sýningu í Feneyjahöllinni í Róm. NORDICPHOTOS/AFP

**MÝVATN**

### Íbúar fá frítt í sund

Íbúar Skútustaðahrepps fá frítt í sund. Vinnumálastofnun á Norðurlandi hafði óskað eftir því að atvinnulausir fengju ókeypis afnot af íþróttamannvirkjum og sundlaugum. Sveitarstjórnin sagði að þeir sem ynnu fyrir lágmarkslaunum en nytu ekki sömu fríðinda og þeir atvinnulausu væru ósáttir við slíkt.

Bandaríkjamenn deila um nektarskanna og líkamsþreifingar á flugvöllum:

# Vilja banna nektarskanna

**BANDARÍKIN** „Ef við megum ekki taka nektarmyndir af fólki, hvers vegna leyfum við þá stjórnvöldum að gera það?“ spurði bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn Ron Paul, einn helsti talsmaður þeirra repúblikana sem hvað ákafast vilja draga úr umsvifum ríkisins.



**JOHN TYNER**

Hann vill banna nýjar aðferðir við öryggisgæslu á flugvöllum, sem felast í því að farþegar eru látnir ganga í gegnum nektarskanna áður en þeim er hleypt um borð í flugvél, eða sætta sig við að öryggisvörður þreifi vandlega á kynfærum þeirra ella.

Miklar umræður hafa verið í Bandaríkjunum síðustu vikur um þessar nýju reglur. Upphafið má rekja til þess að John Tyner, ungur maður sem hugðist fara um borð í flugvél í San Diego, neitaði fyrr í mánuðinum að gangast undir skoðun með nektarskanna og hótaði að láta handtaka öryggisvörð ef hann snerti á kynfærum sínum.

Tyner fékk ekki að fara um borð í flugvélina, en málið hefur nú verið tekið upp á þingi. John Pistole, yfirmaður samgönguöryggismála í Bandaríkjunum, var kallaður fyrir þingnefnd þar sem hann stóð fastur á því að þessar nýju öryggisráðstafanir væru nauðsynlegar.



**NEKTARSKANNI** Bandarískur öldungadeildarþingmaður vill banna nýja aðferðir við öryggisgæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði að ef fólk mætti velja um að ferðast með flugvél sem farþegum hefði verið hleypt inn í án þess að hafa gengist undir slíka skoðun eða vél með farþegum sem allir hefðu gengist undir slíkt myndi yfirgnæfandi meirihluti velja seinni vélina. - gb



**BARACK OBAMA** Hópur auðugra Bandaríkjamanna vill greiða hærri skatta eftir áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ríkir vilja ekki skattaafslátt:

## Nýtist aðeins litlum hópi

**EFNAHAGSMÁL** Hópur auðugra Bandaríkjamanna hefur skrifað Barack Obama forseta bréf og farið fram á að skattaafsláttur efnafólks verði afnuminn um næstu áramót.

George Bush yngri veitti um síðustu aldamót þeim skattaafslátt sem hafa eina milljón dala eða meira í árslaun. Fríðindin renna út um áramótin. Demókratar vilja framlengja frestinn. Einn af forkólfum hópsins segir í samtali við bandarísku sjónvarpsfréttastöðina ABC skattafsláttinn nýtast litlum en auðugum hópi fólks. - jab



Villtir tígrar í útrýmingarhættu:

# Gætu dáið út innan tólf ára

**RÚSSLAND, AP Villtir tígrar gætu dáið út innan tólf ára verði ekki þegar gripið til aðgerða, að sögn dýraverndunarsamtakanna World Wildlife Fund.**

**Sérfræðingar telja að aðeins um 3.200 villt tígrisdýr séu til í heiminum í dag. Í byrjun síðustu aldar voru dýrin rúmlega 100.000 talsins. Víðtæk eyðing skóga ógnar tilveru villtra tígra, auk þess sem veiðiþjófar sækjast eftir feldi þeirra til sölu á svörtum markaði.** - sm



**TÍGRISDÝR** Villt tígrísdýr gætu verið í útrýmingarhættu.
MYND/BRYNDÍS HJÁLMARSDÓTTIR

BSRB leggur til að tekið verði upp leigukerfi að danskri fyrirmynd:

# Vill fleiri valkosti í húnæðismálum

**SAMFÉLAGSMÁL** BSRB hefur lagt til við stjórnvöld að komið verði á fót nýju leigukerfi hér á landi í anda almenna leigukerfisins í Danmörku. Hús þessi skulu vera í ríkiseigu og íbúðir leigðar út á verði sem sérstök verðlagsnefnd telur viðráðanlegt. Með því verði einnig sett á fót eins konar öryggisnet fyrir fjölskyldur sem af einhverjum ástæðum hafa ekki aðra kosti.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að með þessu sé bandalagið að leggja sitt af mörkum til að fólk geti leigt húsnæði sem það ráði við að greiða af.

Nú sé tækifæri, og ekki síður þörf, til að byggja upp leigumarkað til lengri tíma til þess að fólk hafi í raun og veru val um hvort það vilji leigja eða kaupa sér húsnæði.

Elín segist ekki óttast að íbúar þessa kerfis verði stimplaðir með ósanngjörnum hætti, eins og víða hafi gerst.

„Við teljum að í þessum leiðum sé verið að koma í veg fyrir að það sé einsleitur hópur, því að það er ekki miðað við tekjur. Við leggjum einmitt mikið upp úr því að þetta kerfi verði fyrir hinn venjulega Íslending sem vill velja það frekar að vera á leigumarkaðnum.“ - þj



**VILL VALKOSTI** BSRB hefur lagt fram tillögur um nýtt fyrirkomulag á leigumarkaði þar sem fólk hafi val um að leigja eða kaupa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lagfæringar eftir eldgosið:

# 145 milljónir í vegi og varnir

**ALÞINGI** Vegagerðin hefur varið 100 milljónum króna vegna viðhalds og endurbyggingar varnargarða og 30 milljónum vegna lagfæringa á vegum í kjölfar tjóns vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.



**ARNDÍS SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR**

Þetta kemur fram í svari samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Arndísar Soffíu Sigurðardóttur VG.

Að auki hafa fimmtán milljónir runnið til tengdra verkefna á borð við sáningu til að hefta öskufok og öskuhreinsun af vegum.

Áætlanir gera ráð fyrir að frekari lagfæring og uppbygging vega kosti á annað hundrað milljónir. - bþs




## Sjóðir

# Vilt þú *fjárfesta* í ríkisverðbréfum?

Arion banki býður þér úrval ríkisskuldabréfasjóða sem fjárfesta í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Hvort sem þú hugsar fjárfestinguna til lengri eða skemmri tíma þá er lausnin hjá okkur.

**Stefnir – Ríkisverðbréfasjóður millilangur** [1]

- Ráðlagður fjárfestingartími 3 ár+
- Fjárfesting í óverðtryggðum og verðtryggðum eignum
- Fjárfesting í víxlum og skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins
- Laus til innlausnar með eins dags fyrirvara

**Eignayfirlit 30. 10. 2010** [2]




**Stefnir – Ríkisvíxlasjóður** [1]

- Ráðlagður fjárfestingartími 3 mán.+
- Fjárfesting í víxlum og stuttum skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins
- Laus til innlausnar með eins dags fyrirvara

**Eignayfirlit 30. 10. 2010** [2]




*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁎ arionbanki.is

Rekstraraðili sjóðanna er Stefnir hf. og helsti söluaðili sjóðanna er Arion banki.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér það sem við höfum upp á að bjóða.
Við tökum vel á móti þér.

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.
Vakin er sérstök athygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Nánari upplýsingar um sjóðina þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir
2) Upplýsingar eru fengnar frá Arion verðbréfavörslu.

Arion banki

# Stjörnustríðsáform verði að veruleika

**Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins ákvað í Lissabon um helgina að settar yrðu upp eldflaugavarnir, og Rússar vilja nú vera með.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað ætlast leiðtogar NATO fyrir?

Rússar hafa sýnt áhuga á þátttöku í eldflaugavarnarkerfi sem leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins samþykktu á fundi sínum í Lissabon fyrir helgi að sett verði upp í Evrópu.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, lýsti þessu yfir að loknum fundi með Rússum á laugardaginn. Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti tók þó fram að ekkert sé enn ákveðið. „Við tökum þátt á jafnréttisgrundvelli, annars verðum við ekki með,“ sagði hann.

Þetta verða að teljast ótvíræð merki þess að þáttaskil hafi orðið í samskiptum Rússa og NATO. Fyrir fáum árum sýndu Rússar því harða andstöðu og töldu sér gróflega ógnað þegar Bandaríkin hugðust, einhliða, koma sér upp slíku kerfi.

„Eldflaugavarnir verða hluti af almennri varnarstefnu okkar,“ segir í yfirlýsingu leiðtoganna. Samkvæmt yfirlýsingunni verður byggt á eldflaugavarnakerfinu, sem herlið NATO hafa til þessa notað á bardagasvæðum. Hlutverk þess verður aukið þannig að það verði notað til að „vernda íbúa, landsvæði og herlið“ allra aðildarríkja bandalagsins í Evrópu. Að auki verður eldflaugavarnakerfi það, sem Bandaríkjamenn hyggjast koma á fót í Evrópu, notað til að styrkja eldflaugavarnir NATO í Evrópu.

Bandaríkjamenn hafa áratugum saman haft áhuga á að koma sér upp vörnum, sem felast í því að óvinaflugskeyti verði hægt að stöðva áður en þau lenda á skotmarki sínu. Hugmyndin er sú að með hjálp ratsjárkerfa sé hægt að reikna út stefnu og staðsetningu aðvífandi flugskeyta svo hægt verði að senda flugskeyti á móti þeim og sprengja þau áður en þau valda tjóni.

Það var Ronald Reagan sem kynnti þessi áform fyrst til sögunnar árið 1983. Þau voru harðlega gagnrýnd og mikið grín gert að þessum stjörnustríðsleik kúrekans í Hvíta húsinu.

Bill Clinton hélt áfram að þróa þessar hugmyndir og Bush yngri tók síðan við keflinu. Hann var fyrir fáum árum kominn á fremsta hlunn með að setja upp eldflaugavarnakerfi í Tékklandi og Póllandi. Bandaríkjastjórn féll frá þeim áformum eftir að Barack Obama tók við embætti, en í haust kynnti Obama nýja útfærslu eldflaugavarna í Evrópu, sem gekk út á það að í staðinn fyrir að setja upp slíkar varnir í Tékklandi og Póllandi verða þær hafðar í bandarískum herskipum á Miðjarðarhafi. Þetta væntanlega varnarkerfi Bandaríkjanna verður partur af eldflaugavörnum Atlantshafsbandalagsins í Evrópu.

Áherslan er lögð á að sameina aðildarríki NATO og nágrannaríki bandalagsins um sameiginlegar eldflaugavarnir, frekar en að Bandaríkin standi einhliða að verki. „Eldflaugavarnir munu tengja aðildarríkin nánari böndum,“ sagði Anders Fogh á leiðtogafundinum. „Með því að bjóða Rússum að starfa með okkur tel ég að við höfum líka raunhæfa möguleika á að byggja öryggisþak yfir allt Evrópu- og Atlantshafssvæðið.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Eldflaugavarnakerfi NATO í Evrópu

Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins ætla að verja 200 milljörðum evra næsta áratuginn til að koma sér upp eldflaugavarnarkerfi í Evrópu. Ratsjárkerfi í Bretlandi og Tyrklandi verða tengd flugskeytum um borð í bandarískum herskipum, sem áformað er að hafa á Miðjarðarhafi frá og með næsta ári, og flugskeytum sem sett verða upp í Rúmeníu árið 2015 og Póllandi árið 2018.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



# 400 ofbeldismál komið upp

**Skráð ofbeldisatvik á geðdeild Landspítalans eru um 400 á ári. Flest tilvikin eru gagnvart starfsfólki og eru flokkuð sem munnlegt ofbeldi. Nauðungarvistun er tíu sinnum algengari annars staðar á Norðurlöndunum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hátt í 400 ofbeldistilvik eru skráð á hverju ári á geðdeild Landspítalans. Á það við um tilvik sem eru flokkuð sem munnlegt eða líkamlegt ofbeldi og eiga sér stað á geðheilbrigðissviðinu öllu. Flest atvikin snúa að starfsfólki sjúkrahússins og er munnlegt ofbeldi, oftast hótanir, mun algengara en líkamlegt. Jón Snorrason, deildarstjóri á Kleppi, segir rannsóknir á viðfangsefninu komnar langt á veg erlendis þar sem fjallað hefur verið um málið í fjölda ára.

„Það er staðreynd að það er víða ofbeldi á heilbrigðisstofnunum,“ segir Jón. „En þetta er vissulega vandmeð farið viðfangsefni vegna þess að maður verður að ná að setja sig í spor þeirra sem sýna þessa hegðun og skilja hvað liggur á bak við.“

Jón segir starfsfólk á geðdeildum hér á landi fá bæði þjálfun og fræðslu um það hvernig bregðast eigi við ofbeldi og nauðsynlegt sé að viðhalda því reglulega.

„Allar þær rannsóknir sem gerðar hafa verið stuðla að því að við reynum að skilja þetta fyrirbæri betur. Af hverju það gerist og hvernig við getum komið í veg fyrir þetta,“ segir hann.



SIGMUNDUR SIGFÚSSON



JÓN SNORRASON

Jón segir að í sumum tilvikum hefðu getað skapast alvarlegar afleiðingar ef ekki hefði verið tekið rétt á málunum. Hann segir þó að sem betur fer séu alvarleg atvik mjög fá. Tíðni ofbeldistilvika á heilbrigðisstofnunum er langhæst á geðdeildum, en hún hefur haldist stöðug milli ára. Á árunum 2006 til 2008 eru skráð á milli 350 til 400 tilvik á geðdeildum Landspítalans.

Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA), segir að sökum manneklu komi stundum til þess að lögreglan sé kölluð út til aðstoðar þegar ofbeldisatvik komi upp, en þó sé slíkt sjaldgæft. Nauðungarvistun sé mun fátíðari hér á landi en í hinum Norðurlandaríkjunum og eru flest ofbeldistilvikin á geðdeild FSA tengd slíkum vistunum.

„Við fáum um 250 innlagnir á ári og þar af eru um 3 prósent nauðungarvistanir,“ segir Sigmundur. Á Norðurlöndunum sé hlutfallið mun hærra, eða rúmlega 30 prósent af öllum innlögnum. Á geðdeild FSA hafa verið skráð fjögur ofbeldisatvik það sem af er ári.

sunna@frettabladid.is



**KLEPPSSPÍTALI** Ofbeldi á heilbrigðisstofnunum er algengast á geðdeildum og eru skráð á milli 350 og 400 tilvik á ári á geðdeildum Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI



**PENINGARNIR TALDIR** Greining Íslandsbanka telur ekki líkur á launaskriði á næstunni.

Vísitala launa upp í október:

## Ekki búist við launaskriði

**HAGTÖLUR** Vísitala launa hækkaði um 0,3 prósent í október. Hún hefur hækkað um sex prósent síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar.

Hækkunin skýrist af árstíðabundnum hækkunum á álags- og bónusgreiðslum. Í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka segir að sex prósenta hækkun sé meiri en á sama tíma í fyrra þótt hún sé minni en þegar vinnumarkaðurinn einkenndist af mikilli þenslu og launaskriði.

Greiningin segir að þótt kjarasamningar margra séu lausir nú um stundir bendi ekki margt til launaþrýstings. Þvert á móti megi búast við verra atvinnuástandi. - jab




Eignasafn er sjóður Íslandssjóða hf.

Nú getur þú sparað í áskrift og við vöktum sparnaðinn

**Eignasafnið er ný tegund sparnaðar með virkri stýringu.** Sparnaðurinn er vaktaður og lagaður að breytingum á markaði og hingað til aðeins í boði til stærri fjárfesta. Lágmarks áskrift er aðeins 5.000 kr. á mánuði. Stór hluti eignanna er nú fjárfestur í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.




**Eignasafnið er laust til innlausnar með tveggja daga fyrirvara** og verður því um leið góður varasjóður til að bregðast við óvæntum útgjöldum.

Fyrir hverju langar þig að safna með sparnaði í áskrift?

Byrjaðu að spara á islandsbanki.is

**Eignasafnið er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.** Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Íslandsbanki hf. er vörslufyrirtæki sjóðsins. Íslandsbanki hf., 491008-0160, er viðskiptabanki sem starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 9220

Íslandsbanki




Stöðfirðingar hyggja á starfsemi í ónýttu húsnæði:

# Frystihús gert að miðstöð sköpunar

**NÝSKÖPUN** Hugmyndir um að breyta frystihúsinu á Stöðvarfirði í sköpunarmiðstöð þar sem saman koma íslenskir og erlendir listamenn voru kynntar á borgarafundi fyrir skemmstu. Stöðin hefur sjálfbærni að leiðarljósi og gert er ráð fyrir að hún gangi fyrir eigin rafmagni.

Frá þessu er sagt í héraðsblaðinu Austurglugganum. Það eru Zdenek Patak og Rósa Valtingojer sem eru frumkvöðlar verkefnisins.

Lykilorð verkefnisins eru sköpun og sjálfbærni. Markmiðið er að ná saman hæfileikaríku fólki og tækjabúnaði á einn stað og koma á samstarfi.

Meðal þess sem á að vera í gamla frystihúsinu er kaffihús, byggðasafn, listamannaíbúðir, verkstæði og hljóðver.

**- shá**






**NÝJUNGAR** Norskir frumkvöðlar á geðheilbrigðissviði, Dagfinn Björgen, Heidi Westerlund og Olav K. Johansen gengu til liðs við Íslendinga á málþingi um geðraskanir.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Greina þarfir annarra með geðraskanir

**Einstaklingar með geðraskanir framkvæma rannsóknir á þjónustu og aðstöðu fyrir geðsjúka. Atvinna er lykilatriði fyrir geðsjúka til að komast aftur inn í samfélagið. Kemur fólki aftur í hringiðuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Einstaklingar með geðraskanir geta skipt lykilmáli í að greina þarfir og þjónustu við aðra sem eins er ástatt um.

Ný aðferðafræði í rannsóknum nýtir sér reynslu fólks með geðraskanir til að taka viðtöl og greina viðhorf þeirra. Þessi nálgun, „Notandi spyr notanda“, er að norskri fyrirmynd og var rædd á málþingi í Reykjavík nýverið.

Norðmaðurinn Dagfinn Björgen er einn af frumkvöðlum þessarar aðferðafræði og segir hann í samtali við Fréttablaðið að margt hafi komið í ljós með þessari aðferð.

„Eitt af því helsta var það að fólk með geðraskanir getur gefið góða og rökrétta mynd af því hvernig þjónusta við það er framkvæmd og hvernig má bæta hana,“ segir Björgen.

Elín Ebba Ásmundsdóttir, framkvæmdastjóri Hlutverkasetursins og dósent við Háskólann á Akureyri, hefur verið frumkvöðull í þessari aðferðafræði hér á Íslandi. Í nýútkominni skýrslu hóps sem hún leiðir, kemur fram að úrtakshópurinn skiptist í tvo meginhópa. Annar hópurinn hefur sætt sig við geðröskun sína og hömlur, en aðrir vilja komast aftur út í samfélagið af fullum krafti.

Elín Ebba segir að lykilatriði í því sé að gera fólki kleift að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

„Þetta er bara ein aðferð til að koma fólki aftur í hringiðuna og þetta er öflug aðferð, vegna þess að um leið og fólk uppgötvar að það er að gera eitthvert gagn svínvirkar það í bata.“

Jón Ari Arason vann að fyrstu rannsókninni af þessari gerð árið 2004 og er kominn aftur að verkefninu. Hann segir þessa vinnu stóran hluta af sínum eigin bata.

„Ég var búinn að átta mig á því að ég hefði hæfileika en ég var ekki farinn að þora að nota þá fyrr en þarna.“

> Þetta er bara ein aðferð til að koma fólki aftur í hringiðuna og þetta er öflug aðferð, vegna þess að um leið og fólk uppgötvar að það er að gera eitthvert gagn svínvirkar það í bata.
>
> **ELÍN EBBA ÁSMUNDSDÓTTIR**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI HLUTVERKASETURS OG DÓSENT VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI.

Jón Ari segir að hópurinn sem vann þá rannsókn hafi gert tvíþætt gagn, í fyrsta lagi með því að leggja fram tillögur byggðar á viðtölum við sjúklinga, „svo komum við líka inn sem fyrirmyndir þar sem fólk sér okkur, sem vorum áður í sömu stöðu og þau, komin töluvert lengra í bataferlinu og sér að þetta er hægt.“

Jón Ari segir að nokkuð hafi unnist í geðheilbrigðismálum í kjölfar vinnu þeirra, en betur megi ef duga skuli.

**thorgils@frettabladid.is**





# MORGUNVERÐARFUNDUR UNIFEM Á ÍSLANDI

**Hótel Loftleiðum 25. nóvember kl. 8.15 - 9.30**

## DAGSKRÁ FUNDARINS

*Jafnrétti sem sóknarfæri í viðskiptum: heima og að heiman*

**RAGNA SARA JÓNSDÓTTIR**, formaður UNIFEM á Íslandi (nú hluti af Jafnréttisstofnun SÞ - UN Women) býður gesti velkomna.

**EINAR GUNNARSSON**, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, ávarpar fundagesti.

Forsvarsmenn Deloitte, Marel og Rio Tinto Alcan skrifa undir **JAFNRÉTTISSÁTTMÁLANN**.

Heiðursgestur fundarins er **MOEZ DORAID**, aðstoðarframkvæmdastjóri UNIFEM.

*Aðgangseyrir er 1500 krónur /1000 krónur fyrir námsmenn- og er morgunverðarhlaðborð innifalið.*

*Morgunverðarfundurinn er opin öllum og hvetjum við Íslendinga til þess að mæta og kynna sér Jafnréttissáttmálann og það spennandi starf sem framundan er hjá UNIFEM.*

Deloitte. marel RioTintoAlcan

**JAFNRÉTTISSÁTTMÁLINN (Women's Empowerment Principle - Equality means Business)** er alþjóðlegt átak UNIFEM og UN Global Compact sem hvetur fyrirtæki til að sýna frumkvæði í jafnréttismálum sem og samfélagslega ábyrgð.

Nú þegar hafa yfir 300 alþjóðleg fyrirtæki skrifað undir sáttmálann en Deloitte, Marel og Rio Tinto Alcan er fyrstu fyrirtækin á Íslandi sem skrifa undir sáttmálann. Átakið er mikilvægur liður í því að ná Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

### *Mætum í Ljósagöngu!*

Morgunverðarfundurinn er fyrsti viðburðurinn af fjölmörgum sem markar 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Síðar þennan dag stendur UNIFEM á Íslandi fyrir Ljósagöngu.

Gengið verður frá Þjóðmenningarhúsinu á Hverfisgötu kl. 19.00 að Sólfarinu við Sæbraut. Konur af ýmsum þjóðernum munu lesa ljóð sem tengjast baráttumálum kvenna. Að því loknu verður friðarsúlan tendruð. Hægt er að kaupa kyndla á staðnum á 500 krónur.

***Vonumst til þess að sjá sem flesta!***

ÞRÓUNARSJÓÐUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í ÞÁGU KVENNA

UNIFEM

*Nú hluti af Jafnréttisstofnun SÞ - UN Women*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjárhagsaðstoð dregur úr hvata til vinnu.

## Velferðargildra í smíðum

Deila um grundvallaratriði er komin upp í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar vill meirihluti Samfylkingarinnar og Bezta flokksins hækka fjárhagsaðstoð til þeirra sem ekki hafa atvinnuleysisbætur. Með því verður hagstæðara að þiggja aðstoð en að vera á atvinnuleysisbótum og munurinn á ráðstöfunartekjum þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð og fólks sem fær lægstu laun á vinnumarkaði þurrkast nánast út.

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn hafa lagzt gegn þessu og gert að tillögu sinni að hluta af fénu sem á að verja til að hækka fjárhagsaðstoðina, 350 milljónum, verði fremur varið í svokölluð virkniúrræði, þ.e. verkefni sem stuðla að því að koma fólki aftur út á vinnumarkaðinn. Fulltrúar Vinstri grænna vilja hins vegar ganga enn lengra en meirihlutinn í að hækka fjárhagsaðstoðina.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hér er augljóslega hætta á að í smíðum sé svokölluð velferðargildra, en það hefur verið kallað þegar samspil bóta- og skattkerfis í hinum þróuðu velferðarríkjum Vesturlanda hefur í för með sér að í raun er hagstæðara að vera á bótum en að vinna fyrir lágmarkslaun, að minnsta kosti ef tekinn er með í reikninginn ýmis kostnaður sem fylgir því að vera í starfi, eins og að koma sér í og úr vinnu. Hættan er að sjálfsögðu sú að til lengri tíma litið þyki mörgum meira freistandi að geta varið tíma sínum eins og þeir kjósa á bótum frá samfélaginu en að þiggja starf sem eykur ráðstöfunartekjurnar lítið sem ekkert.

Í mörgum nágrannalöndum okkar hafa þannig orðið til þjóðfélagshópar, þar sem það þykir sjálfsagt, jafnvel kynslóð fram af kynslóð, að vinna ekki heldur þiggja bætur. Þessir hópar hafa verið rígfastir í velferðargildrunni, í raun hnepptir í ævilanga fátækt af því að hvatann til að rífa sig upp úr henni skortir. Aðgerðir til að rjúfa vítahringinn hafa verið sársaukafullar og fela oft í sér að lækka bæturnar en setja þess í stað meiri peninga í verkefni sem stuðla að því að fólk afli sér þekkingar og þjálfunar og verði gjaldgengt á vinnumarkaði.

Það skal ekki dregið í efa að flestir sem þiggja lágmarkslaun eiga í erfiðleikum með að framfleyta sér og það sama á að sjálfsögðu við um þá sem þiggja fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur. Það á að vera markmiðið að allir hafi það betra. En ef það er orðið hagstæðara að vera á framfæri samfélagsins en að vinna er búið að snúa á haus þeim gildum sem lengi hafa legið til grundvallar velferðaraðstoð á Íslandi.

Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur, segir í Fréttablaðinu í gær að ákvörðun meirihlutans verði vonandi til þess að hækka lægstu laun og atvinnuleysisbætur. Það er óskhyggja. Atvinnuleysisbætur verða ekki hækkaðar nema þá með því að hækka skatta á þá sem vinna enn frekar. Og lægstu launin hækka ekki svo máli skipti nema það takist að skapa meiri verðmæti í fyrirtækjunum, sem reynist mörgum örðugt um þessar mundir.

Það ætti samt að vera keppikefli stjórnmálamanna, hvar í flokki sem þeir standa, að örva verðmætasköpun í atvinnulífinu því að aðeins þannig hafa fyrirtækin efni á að greiða betri laun og ríki og sveitarfélög að hjálpa þeim betur sem ekki eru á vinnumarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samvinna

Hálsaskógarstemning ríkir í Kópavogi. Þar ætla meiri- og minnihlutinn að vinna saman að gerð fjárhagsáætlunar. Að baki býr hugmyndin um að þegar hart sé í ári sé heilladrýgst að allir snúi bökum saman. Bæjarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins gengur þó laskaður til leiks. Þrír af fjórum ætla að vera með en Gunnar I. Birgisson ekki. Hann ætlar að leggja fram sína eigin tillögu að fjárhagsáætlun. Gunnar var foringi flokksins í bænum í tuttugu ár en var í þriðja sæti í síðustu kosningum eftir laka útkomu í prófkjöri.



### Hefðbundið

Þetta hefur vakið athygli en í heita pottinum í Kópavogslauginni er rætt um að þetta sé ekki nýtt. Gunnar hafi allan sinn bæjarstjórnarferil lagt fram eigin fjárhagsáætlanir. Aðrir í meirihlutanum hafi svo stutt þær. Nýbreytni hefði verið á ferðinni ef Gunnar hefði ákveðið að leggja ekki fram eigin fjárhagsáætlun.

### Á fund

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra þarf að biðja forsetann um að stöðva réttarhöldin yfir níumenningunum. Flokksráð VG hefur samþykkt ályktun þar um. Ekki verður annað séð en að dómsmálaráðherrann verði að fylgja henni. Ef hann virðir áskorunina að vettugi vakna spurningar um hvort ráðherrar VG geti almennt valið og hafnað hverju þeir hlíta af ákvörðunum þessarar valdastofnunar flokksins. Framhaldið verður spennandi. Hitt er svo ljóst að grundvölllur ályktunarinnar sýnir að endurskoðun stjórnarskrárinnar er tímabær. Í henni segir: „Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til." Það er sérkennilega mikið vald.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Heimssögulegur fundur í Lissabon

NATO



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í Lissabon um helgina verður lengi minnst, ekki bara fyrir nýja grunnstefnu heldur einnig þá sögulegu ákvörðun Rússa að taka höndum saman við bandalagið um margvíslegt samstarf að sameiginlegum hagsmunum. Medvedev, forseti Rússlands, vísaði sérstaklega til nýju grunnstefnunnar, þar sem segir skýrt, að Atlantshafsbandalagið sé ekki ógn við Rússland.

Praktísk nálgun hans birtist vel í umræðum, þar sem hann sagði að torfærur yrðu á leiðinni, og einstakar þjóðir kynnu að móðgast hver við aðra enda ekki hægt að fjarlægja söguna. Þjóðirnar ættu þrátt fyrir það að halda saman á leiðarenda nýs og árangursríks samstarfs. Í umræðum leiðtoganna kom skýrt fram það viðhorf margra þjóða, að Rússar og bandalagsþjóðirnar eigi í höggi við sameiginlegar ógnir.

Þar voru efst á baugi hermdarverk, sem í dag eru mesta ógnun við stöðugleika og frið í okkar heimshluta, sjórán, sem nú færast í vöxt, netógnir sem lamað geta fjarskipti og viðbúnaðarkerfi þjóða, auk hamfara af náttúrulegum völdum, eða manna. Sarkozy, Frakklandsforseti, kvað skýrt að orði, og sagði að mesta sameiginlega ógnin við Rússland og þjóðir Atlantshafsbandalagsins stafaði af framferði ofbeldisfullra múslímskra öfgasamtaka.

Eitt af því sem Rússar vilja eiga samstarf um við bandalagsþjóðirnar að uppfylltum skilyrðum er gerbreytt skotflaugavarnakerfi, sem á að verjast hugsanlegri ógn frá þeim 27 þjóðum, sem taldar eru búa yfir skotflaugum sem gætu á átakatímum ógnað íbúum Vesturlanda, og Rússum. Nokkrir leiðtoganna hikuðu ekki við að nefna Íran og Sýrland sérstaklega. Uppbygging og staðsetning kerfisins verður samkvæmt sameiginlegri ákvörðun hagað með það í huga. Þetta kerfi er gerólíkt því sem Bush fyrrverandi Bandaríkjaforseti lagði upp með, sem sést best á því að í stað þess að Rússar líti á það sem ógn við sig, vilji þeir vera með. Þjóðir eins og Norðmenn, Þjóðverjar, Lúxemborgarar, auk Íslendinga sem hafa verið tregir í stuðningi við skotflaugavarnir, telja kerfið draga úr vægi kjarnavopna og geta því ýtt undir hraðari afvopnun á því sviði. Einstakar bandalagsþjóðir halda enn fram gildi kjarnavopnafælingar en engum dylst þó að hin nýja grunnstefna markar þáttaskil að því leyti að þar er sagt afdráttarlaust að stefnt skuli að heimi án kjarnavopna. Aldrei hefur slík yfirlýsing verið birt jafn afdráttarlaust í stefnu Atlantshafsbandalagsins. Annað nýmæli felst í sterkri áherslu á mannréttindi og alþjóðalög hvað varðar starfsemi bandalagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Landið og við

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður



Oft er það svo að við erum uppteknari af því sem okkur langar í og sækjumst eftir, en því sem við eigum og höfum. Gleðin er kannski ósvikin þegar óskin rætist, en innan skamms verðum við heimablind. Það sem fengið er verður smám saman sjálfsagður hlutur, og áherslan flyst yfir á annað. Þetta á ekki aðeins við um dauða hluti, heldur einnig umhverfi og aðstæður, heilsu, góða vini og fjölskyldu. Þessi tilhneiging er val, ekki náttúrulögmál. Við erum ekki fórnarlömb umhverfisins, nema við spilum með. Það er okkar val að gleðjast hvern dag yfir því sem við eigum, í stað þess að myrkva hugann með öllu því sem okkur vantar, eða langar í. Þegar til stykkisins kemur er bjartsýni oftar en ekki nær raunsæinu en svartsýni, þó að það sé auðvitað ekki einhlítt. En sem þjóð erum við dálítið fyrir upphrópanir og annaðhvorteða málflutning. Sem sagt, við og hinir. Svart eða hvítt! En þannig er bara ekkert í tilverunni, nema í hugskoti þeirra sem kjósa að hýsa slíka speki. Farsældin er sjaldan fylginautur fyrirlitningar og fordóma.

### Sjálfstæð þjóð

Í ljóðum fyrri tíma skálda er landið í öndvegi. Virðing og ást á fósturjörðinni. Galdur og töfrar íslenskrar náttúru. Heitar kenndir voru tjáðar með skírskotun í fossa og læki, dali og fjöll. Þá lifðu Íslendingar almennt nær þessari náttúru en nútímamenn gera, og voru ótruflaðir af farsíma, sjónvarpi og bílaumferð. En íslenski metingurinn, slúðrið og derringurinn var ekki óþekktur þá frekar en núna. Fátækt fyrri tíma á ekkert skylt við það sem við köllum fátækt í dag, þó að hún geti sannarlega verið bæði sár og erfið, og ætti ekki að þekkjast í nútímasamfélagi.

Maður veltir því stundum fyrir sér hvernig manni hefði liðið í rigningunni á Þingvöllum árið 1944. Hvað þetta var stór stund. Orðin sjálfstæð þjóð á eigin vegum.

Hver og einn getur haft sína skoðun á hvernig til hefur tekist, núna þegar til stendur að endurskoða stjórnarskrána.

Greiðar samgöngur, góðir vegir og almenn bifreiðaeign hefur fært okkur aftur nær landinu sjálfu. Við erum enn á ný komin í náið tilfinningasamband við íslenska náttúru. Nú birtist það ekki aðeins í ljóðum og lögum, heldur í barnabókum, kvikmyndum og sjónvarpi. Ekki eru allir á einu máli um hvernig umgengni við landið á að vera, enda væri það dálítið óíslenskt ef svo væri.

### Áhrif bókmenntanna

Maður leiðir stundum hugann að því hvernig íslensk þjóð væri ef hún ætti ekki bókmenntaarfinn. Ef bókmenntir hefðu ekki verið jafn ríkur þáttur í sjálfsmynd þeirra sem hér hafa lifað og látist gegnum tíðina. Við tökum þessa hefð fyrir sjálfsagðan hlut, en hún er það hreint ekki. Í augum annarra þjóða höfum við lengi verið menningarþjóð, auk þess að vera fiskveiðiþjóð. En það besta er, að þetta er ekki fortíðarfyrirbæri, heldur íslenskur veruleiki enn í dag. Þrátt fyrir sjónvarp, kvikmyndir, Internetið og hljóðbækur lesum við enn bækur, ekki bara til fróðleiks, heldur skemmtunar. Lestrarnautnin er enn í blóðinu. Um það vitnar íslensk bókaútgáfa.

> Hver og einn getur haft sína skoðun á hvernig til hefur tekist, núna þegar til stendur að endurskoða stjórnarskrána.

Þessa dagana eru nýútkomnar bækur það langáhugaverðasta í fréttum.Verk íslenskra höfunda eru í vaxandi mæli þýddar á önnur tungumál og sumir þeirra þekktir og virtir víða um heim. Og þetta er fjölbreytt flóra.

Á Íslandi eru jólabækurnar eins sjálfsagðar og jólatréð. Og þó að höfundur fyrirgefningarinnar og kærleikans eigi aðfangadagskvöld, þá er næsta víst að víða verður hann að deila því með bók sem tekin er með eftirvæntingu úr skrautlegum jólapappír, eftir kvöldmat og hugsanlega kirkjuferð.

Þetta er það sem mestu skiptir hér á landi: Tungan, landið og miðin, sjálfstæðið, náttúruauðlindirnar – og bókmenntirnar. Alltaf er það þó svo að veldur hver á heldur. Og fyrir fámenna þjóð í dreifbýlu landi, er aldrei of mikil áhersla lögð á frumkvæði einstaklingsins til orða og athafna. Ekki næra hjarðeðlið. Því að hér munar um hvern mann.

## AF NETINU

### Sjálfshól með hangandi hendi

Kosningabarátta mín til stjórnlagaþings hefur ekki verið dýr. Kostaði 5000 krónur í ljósmynd og 2000 krónur í benzín. Meira verður það ekki. Ég hef bloggað eins og áður. Fjölgaði pistlum um einn á dag, sem hefur fjallað um stjórnlagaþingið og stjórnarskrána. Síðan hef ég svarað spurningum DV og Svipunnar og sett greinar inn á framboðssíðu DV. Þetta er öll mín barátta hingað til. Fór ekki í Ríkisútvarpið. Senn mun ég bæta örlítið um betur og flytja ykkur persónulegar lofræður um sjálfan mig, ef til vill eina á dag. Vafalaust mun ég fyrirverða mig fyrir sjálfshólið, þegar upp er staðið.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Fylgjumst með og öflum okkur þekkingar

Þegar litið er yfir samskipti Íslands og Bandaríkjanna síðan 1945 sést glögglega að bandarískir öryggis- og hernaðarhagsmunir réðu í raun ferðinni í öllum meginatriðum allan þennan tíma, allt frá beiðni um þrjár herstöðvar til 99 ára 1945 til brottfarar varnarliðsins 2006. [...] Þótt Kalda stríðinu sé lokið verður seint friðvænlegt í heiminum. Nýjar aðstæður geta skapast sem hafa áhrif á stöðu einstakra þjóða.

Áríðandi er að við Íslendingar fylgjumst vel með og öflum okkur þekkingar sem nýtast megi til að spila sem best úr okkar spilum sem herlaus þjóð sem vill viðhalda friði og öryggi.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**






# Flutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaga

Málefni fatlaðra

Guðný Jónsdóttir
yfirsjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri



Fyrirhugað er að flytja þjónustu við fatlað fólk og lagalegar skyldur svæðisskrifstofa málefna fatlaðra til sveitarfélaga hinn 1. janúar 2011. Í haust héldu Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálp, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands málþing um: „Málefni fatlaðs fólks á tímamótum – horft til framtíðar".

Í ræðum frummælenda kom endurtekið fram, að nú væri tækifæri til að koma á nýrri hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks, tryggja samráð við notendur, hagsmunasamtök, fræðasamfélagið, tryggja samstarf fagfólks, sviða og stofnana og að tryggja þyrfti nauðsynlega þekkingu og fræðslu.

Samkvæmt heimasíðu undirbúnings flutningsins kemur fram að markmið tilfærslu þjónustu við fatlaða sé m.a. að: „Bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum". Í drögum að leiðarljósi Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk kemur fram að framtíðarsýn borgarinnar byggi á samningi Sameinuðu þjóðanna með réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi. Þar kemur einnig fram að margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt verði af virðingu og fagmennsku.

### Gæði þjónustu sveitarfélaga

Hin síðustu ár hefur verið lögð áhersla á mikilvægi fjölskyldunnar í lífi fatlaðra barna og uppbyggingu færni, þekkingar og stuðnings við hana til að geta sinnt þörfum þess sem best.

Nauðsynlegt er á sama hátt að tryggja gæði þjónustu fyrir fatlaða einstaklinga með fjölþætta skerðingu, börn, ungmenni og fullorðna sem treysta á umsjá og þjónustu sem veitt er af hinu opinbera. Gæði aðstoðar og umönnunar hafa óhjákvæmilega áhrif á lífsgæði og jafnvel á framvindu og alvarleika fötlunar viðkomandi einstaklings.

Aðilar og stofnanir sem sinna þjónustu fyrir þessa einstaklinga gegna þýðingarmiklu hlutverki í lífi fólks með fjölþætta skerðingu. Það er því mikilvægt að veita starfsfólki, sem sinnir formlegri umönnun og aðstoð, ráðgjöf, þjálfun og stuðning og tryggja þannig að sú þekking og færni sem einstaklingurinn nýtur í foreldrahúsum verði áfram til staðar, þó hann komist á fullorðinsár. Þannig er hægt að auðvelda aðstoð og umönnun, auka velferð og lífsgæði einstaklingsins og möguleika á samfélagslegri þátttöku.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin bendir á að náið samhengi sé milli heilsu og færni. Hjá einstaklingum með fjölþætta skerðingu, eins og t.d. tiltekin form heilalömunar (CP), er aukin hætta á aflögunum í stoðkerfi, skerðingu í liðferlum, hryggskekkju og mjaðmaliðhlaupi, sem síðan hafa í för með sér vandamál við að liggja, sitja, standa og ganga og hafa áhrif á svefn og hvíld. Þetta getur valdið verkjum, brota- og sárahættu ásamt vandamálum við aðstoð og umönnun. Þetta hefur að sjálfsögðu einnig áhrif á möguleikann til samskipta, athafna og til samfélagslegrar þátttöku. Rannsóknir sýna að þessi vandamál fara vaxandi með aldri.

> Ég vona að þeir sem nú taka við umsjá þjónustu við fatlað fólk standi við markmið um uppbyggingu á gæðaþjónustu.

Þessir einstaklingar hafa flóknar þarfir bæði hvað varðar heilbrigðisþjónustu og félagsleg úrræði, sem krefjast samþættingar margra stofnana og samvinnu allra sem að þjónustunni koma. Margt af framansögðu á einnig við um fötlun af völdum annarra orsaka eins og t.d. vegna vöðva- og taugahrörnunarsjúkdóma, MS, heilaskaða o.fl.

### Heilsustefna stjórnvalda

Í heilsustefnu íslenska heilbrigðisráðuneytisins kemur fram að öflugt samfélag byggir á góðu heilsufari og góðri líðan þeirra sem það byggja. Þar er einnig hnykkt á mikilvægi forvarna og þess að stefnan nái til allra landsmanna, bæði einstaklinga og hópa (Heilbrigðisráðuneytið 2008). Í stefnu félagsmálaráðuneytisins: „Mótum framtíð. Þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016" er tekið fram að huga þurfi sérstaklega að forvörnum og heilsueflingu í allri þjónustu við fatlað fólk (Félagsmálaráðuneytið, 2006). Í skýrslu Félagsmálaráðuneytisins frá 2006 kemur fram krafa um að þjónusta við fötluð börn og fullorðna fullnægi skilyrðum gæðastarfs í hvívetna líkt og best gerist annars staðar og að árið 2012 verði að minnsta kosti 50% starfsmanna í málaflokknum með einhvers konar fagmenntun, sem varðar viðfangsefni hans.

Ég vona að þeir sem nú taka við umsjá þjónustu við fatlað fólk standi við markmið um uppbyggingu á gæðaþjónustu. Nauðsynlegt er að huga að mikilvægi færni, heilsu og forvarna í markmiðum um sjálfstætt líf og samfélagslega þátttöku. Því er nauðsynlegt er að tryggja grunn- og símenntun þess starfsfólks sem ræðst í störf með fötluðu fólki til aðstoðar í daglegu lífi. Markviss uppbygging þekkingar og færni stuðlar auk þess að betri nýtingu fjármuna, auðveldar störf þeirra sem vinna við aðstoð til fatlaðs fólks og minnkar kostnað til lengri tíma.

## AF NETINU

### Ekki of flókna stjórnarskrá



Stjórnarskrá á ekki að vera of flókin. Hún á ekki að vera nýtt til að stýra þjóðfélagsgerð. Þjóðfélagið er breytilegt og breytist með tímanum. Góð og vel ígrunduð stjórnarskrá getur staðist tímans tönn og mögulegar breytingar á þjóðfélaginu. Hér skiptir einfaldleikinn meira máli heldur en að nota stjórnarskrána til að byggja upp einhverja félagslega lagskiptingu sem úreldist með tímanum. Hefjum stjórnarskrána okkar á "Ísland er lýðveldi. Allir borgarar lýðveldisins Ísland eiga rétt á mannlegri reisn og er hún friðhelg."

Vísir.is **Jónas Pétur Hreinsson**

### Miðjumoð stundum best



Miðjumoð kunna einhverjir að segja. Það kann vel að vera, en stundum er það affarasælast. Það á enginn að mæta til stjórnlagaþings í þeirri von - og blekkingu - að stjórnarskráin verði nákvæmlega eins og hann hefði samið hana sjálfur ef hann einn fengi að ráða. Virðing fyrir skoðunum og rökum annarra, sveigjanleiki, góð hlustunarskilyrði og sáttfýsi er lykillinn að góðri niðurstöðu. Ef hún næst ekki er stjórnlagaþing til einskis og kjörnir fulltrúar að bregðast ábyrgð sinni og skyldu og þar með þjóðinni og því trausti sem hún sýndi þeim. Þá er verr af stað farið en heima setið.

Vísir.is **Þórhildur Þorleifsdóttir**



# Sjálfbær bankastarfsemi

Fjármálamarkaður



**Ari Teitsson,**
stjórnarformaður Sparisjóðs Þingeyinga

Hugtakið sjálfbær mun fyrst hafa fengið skýra merkingu í umfjöllun Gro Harlem Brundtland og þá sem hverjar þær athafnir sem þjóna í nútíð án þess að spilla möguleikum framtíðarinnar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve bankastarfsemi undanfarinna ára hefur verið langt frá því að vera sjálfbær.

Nýlega fengu þrír norrænir bankar umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs fyrir að byggja starfsemi sína á að fjármagna þjóðfélag framtíðarinnar, sem sýnir viðhorf ráðsins til sjálfbærrar bankastarfsemi.

Vaxandi áhugi virðist fyrir slíkri bankastarfsemi a.m.k. á Vesturlöndum sem skýrist vætanlega af bankahruni undanfarinna ára og vaxandi áhyggjum af að við séum með athöfnum okkar að spilla möguleikum komandi kynslóða á of mörgum sviðum.

> Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve bankastarfsemi undanfarinna ára hefur verið langt frá því að vera sjálfbær.

Hugleiðum hvernig sjálfbær bankastarfsemi gæti litið út í íslensku ljósi:

Upphaflegur tilgangur bankastarfsemi var að taka við lausu fjármagni og miðla því til þeirra sem þurfa fjármagn til uppbyggingar og framkvæmda með sem minnstum kostnaði, sú þörf er síst minni nú.

Jafnframt þyrfti að hyggja að því hvaða áhrif þær framkvæmdir sem lánað er til muni hafa á umhverfi okkar og framtíðarmöguleika. Til að tryggja jafnræði slíkrar lánastarfsemi og þekkingu á viðfangsefnum virðist æskilegt að hún sé staðbundin eða a.m.k. landshlutabundin.

Breið staðbundin þátttaka í eignarhaldi og stjórnum væri væntanlega ávísun á aukna sjálfbærni og takmarkanir á arðgreiðslum myndu virka á sama hátt.

Sú bankastarfsemi sem lýst er hér að framan fellur vel að upphaflegum tilgangi sparisjóðanna og gildandi lögum um sparisjóði.

Æskilegt virðist að starfandi sparisjóðir og sparisjóðir framtíðarinnar þróist í þessa átt, en það er ekki sjálfgefið. Þar ráða ábyrgðarmenn sparisjóðanna (stofnfjáreigendur) og stjórnendur miklu, en ekki síður viðskiptavinir sparisjóðanna.

# Breiðfirsk perla

Frímerki



**Erna Arngrímsdóttir**
sagnfræðingur

Þann 4. nóvember sl. komu út frímerki , þar á meðal eitt með málverki Sigurlaugar Jónasdóttur frá Öxney af Pétri Einarssyni frá Arney. Pétur var sannkallaður brautryðjandi í jafnréttismálum þar sem hann nefndi bæði kynin kall minn. Hann var eini maðurinn sem um er vitað sem lagði lóðir á Breiðafirði og sofnaði síðan í bátnum. Pétur sofandi í bátnum með afla sinn er myndefnið. Þeir sem sigla Breiðafjörð vita að þar eru margar hættur, boðar og voðasker sem hafa grandað fólki frá því að land byggðist. Sigurlaug stóðst ekki mátið og hefur málað fjölmargar myndir af Pétri þar sem botninn á stígvélunum er misstór. Allt eru þetta dásamlegar myndir með mikilli dýpt, fegurð og virðingu fyrir manninum sem verður hluti náttúrunnar .

> Allt eru þetta dásamlegar myndir.

Pétur dó á síðari hluta 20. aldar og á fyrri hluta aldarinnar var ekki lenska að hrósa konum eða láta þær gjalda sannmælis fyrir störfin. Pétur var ákafur talsmaður kvenna og hélt mjög á lofti dugnaði breiðfirsku kvennanna sem stunduðu sjó og tóku jafnan þátt í karlastörfum. Einkum var hann hrifinn af Júlíönu Silfá hálfsystur sinni sem var hreiðurdrútur föður síns , þ.e.a.s. hún var ekki hjónabandsbarn. Þessi frábæra kona varð rúmlega hundrað ára og bjó í Langey. Þegar karlmenn sögðu afrekssögur af lúðuveiðum eða erfiðum siglingum, kunni Pétur ævinlega betri og kröftugri sögu af Júllu systur. Pétur kvæntist ekki en mikill og sterkur ættbogi er út af Júlíönu í Langey.

Sigurlaug Jónasdóttir, listmálari, fæddist 1913 í Öxney á Breiðafirði. Hún missti móður sína 14 ára gömul og varð að taka við heimili með 12 börnum. Það þýðir víst lítið að segja nútímafólki þetta. Enda kvartaði hún oft yfir því hvað viðmælendur hennar botnuðu ekkert í heimi verka hennar, þar sem úir og grúir af börnum við vinnu og alls staðar er Elín móðir hennar ófrísk. Hún braust til mennta og dvaldist öll stríðsárin í Noregi þar sem hún menntaðist sem kennari og stótti teiknitíma hjá virtum skóla.

Veraldlegur auður þyngdi ekki Öxneyingum en miklar gáfur og listfengi einkennir þetta fólk sem dreifst hefur um heiminn. Á myndinni rammar báturinn efnið eins og á fornum helgimyndum, sofandi maðurinn, ómælisvíðátta hafsins, aflanum raðað í skutinn, allt eins og hún mundi þetta! Nú fer frímerkið hennar Sigurlaugar með fegurð Breiðafjarðar og kappanum Pétri Einarssyni frá Arney um heiminn, sannarleg breiðfirsk perla.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



18 **MILEY RAY CYRUS** söng- og leikkona er 18 ára.

*„Ég vil ekki vera fullkomin, en samt vera öðrum stúlkum fyrirmynd. Mamma hefur alltaf sagt að ófullkomleiki jafngildi fegurð og sannarlega erum við öll svo ófullkomin.“*

†



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda ástúð, vináttu og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,*

**Kristborgar Benediktsdóttur**

Miðleiti 5, Reykjavík.

Megi gæfa og blessun fylgja ykkur öllum.

**Kristján Oddsson**
**Elínborg Þórarinsdóttir**
**Benedikt Kristjánsson** **Rósa Kristjánsdóttir**
**Sigríður Kristín Kristjánsdóttir**
**Már Kristjánsson** **Halla Ásgeirsdóttir**
**Oddur Kristjánsson** **Hafdís Sigurðardóttir**
**Barna- og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Hafsteinn Guðmundsson**

skipstjóri, Reykjanesvegi 10, Njarðvík,

lést á heimili sínu þann 21. nóvember síðastliðinn.

**Ása Lúðvíksdóttir**
**Gísli Hafsteinn Einarsson** **Kolbrún Sigurðardóttir**
**Guðrún Einarsdóttir** **Árni Blandon Einarsson**
**Sólveig Einarsdóttir** **Gunnar Már Eðvarðsson**
**Magnús Einarsson** **Salvör Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ólafsdóttir**

Norðurbrún 1,

lést á Landspítala Fossvogi 11. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Auður Hreinsdóttir** **Kristinn Ögmundsson**
**Kristján Hreinsson**
**Svanberg Hreinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Emil Sigurðsson**

vélstjóri,

frá Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð, síðast til heimilis að Vesturgötu 7, Reykjavík, lést þann 18. nóvember á Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut. Útför hans fer fram fimmtudaginn 25. nóvember kl. 11.00 frá Neskirkju, Reykjavík.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstendanda Alzheimersjúklinga, sími 867 1684, www.alzheimer.is

**Gunnhildur Emilsdóttir**
**Olga Hörn Fenger**
**Emil Fenger** **Ásgerður Egilsdóttir**
**Ásdís Lilja Emilsdóttir** **Kristján Ingi Einarsson**
**Rósa Hrund Kristjánsdóttir** **Haraldur Bergmann Ingvarsson**
**Hildur Helga Kristjánsdóttir** **Egill Sigurjónsson**
**Lilja Kristjánsdóttir**
**og barnabörn**

**ÞETTA GERÐIST:** 23. NÓVEMBER 1838

## *Hólavallakirkjugarður vígður*



Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður, var vígður og fyrsta greftrun fór þar fram fyrir 172 árum. Hólavallagarður er stærsti íslenski kirkjugarðurinn frá nítjándu öld og tók við af kirkjugarði Víkurkirkju, sem stóð þar sem nú er torg á gatnamótum Aðalstrætis og Kirkjustrætis. Þegar búið var að úthluta öllum gröfum í garðinum 1932 tók Fossvogskirkjugarður við sem aðalkirkjugarður borgarinnar. Enn er þó stundum grafið í Hólavallagarði, í gamla fjölskyldugrafreiti sem hafa verið frá- teknir lengi.

Í bókinn Minningarmörk í Hólavallagarði, eftir listfræðinginn Björn Th. Björnsson er Hólavallagarður sagður stærsta og elsta minjasafn Reykjavíkur. Hann er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, minningarmörkum, garðyrkju og handverki, en til að mynda eru lágmyndir af látnum á þó nokkrum legsteinum, margar eftir myndhöggvarana Einar Jónsson og Ríkharð Jónsson.

Garðurinn var tilnefndur til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NÝR FORSETI LAGADEILDAR HR** Námið er orðið mun breiðara en það var og þótt allir nemendur sem útskrifast eigi að sjálfsögðu að ráða við lögmennsku og dómarastörf er þeirra þörf svo miklu víðar við lausnir á álitaefnum,“ segir Guðmundur.

GUÐMUNDUR SIGURÐSSON: RÁÐINN FORSETI LAGADEILDAR HR

# Er keppnismaður í eðli sínu

„Ég legg mikla áherslu á gæði kennslu og rannsókna og að stutt sé á milli starfsmanna og nemenda. Því vonast ég til að taka þátt í kennslu og rannsóknum áfram þó ég taki að mér stjórnina um áramótin,“ segir Guðmundur Sigurðsson, nýr forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Hann hefur verið við deildina frá 2003, fyrst dósent í tvö ár og prófessor eftir það. Áður en við fjöllum frekar um lögfræðina og HR er Guðmundur inntur eftir uppruna og námsferli.

„Ég er fæddur 1960. Er Ólafsfirðingur og fór í Menntaskólann á Akureyri. Kláraði stúdentinn 1981 og var þá allsendis óviss hvert ég vildi stefna og endaði með að fara í íþróttafræðinám til Alabama í sex mánuði. Um tvítugsaldurinn byrjaði ég að æfa og keppa í frjálsum íþróttum, fór í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni og kenndi síðan við Árbæjarskóla og þjálfaði frjálsar íþróttir bæði hjá Breiðabliki og UMSK. Það var áhugavert en ég sá mig ekki verða gamlan í því fagi og lögfræðin blundaði í mér.“

Guðmundur hóf laganám við Háskóla Íslands 1986 og lauk námi fyrri hluta árs 1991, gerðist þá fulltrúi sýslumanns á Ísafirði í hálft ár en flutti til Noregs haustið 1991, ásamt eiginkonunni. „Ég fékk rannsóknarstöðu við Norrænu sjóréttarstofnunina við háskólann í Ósló 1992 og upp úr því byrjaði ég í doktorsnámi sem ég lauk við á miðju ári 1996. Þegar ég kom heim fór ég að vinna hjá Tryggingamiðstöðinni, var þar í átta ár og kunni stórvel við mig,“ segir Guðmundur sem fékk hérðasdómslögmannsréttindi 1997 og hæstaréttarlögmannsréttindi 2004.“

Áhuginn á íþróttum er enn til staðar hjá Guðmundi. „Ég er gamall keppnismaður í frjálsum og síðustu árin hef ég sett aðeins undir mig hausinn og byrjað að hlaupa langhlaup, bæði það sem kallast fjallahlaup og maraþon. Það gengur vel enda er ég ekki týpan sem fer í hlaup bara til að vera með. Mér finnst ég verða að komast eins framarlega og mér er unnt ef ég tek þátt.“

Þá er það lögfræðin. Hvað finnst Guðmundi um umræðuna upp á síðkastið um að kennslan í lögfræði á Íslandi sé í hálfgerðum molum?

„Umræðan er af hinu góða þó sumt sem sagt hefur verið sé ekki jafnheppilegt. Sú þróun að fjölga skólum sem kenna lögfræði hefur leitt til þess að laganám í dag er betra en það var. Það þori ég að fullyrða með hönd á hjarta. Laganemar sem útskrifast nú eru betur í stakk búnir til að takast á við þau störf sem bíða þeirra en ég var á sínum tíma. Ég tel heldur ekki ástæðu til að taka einn skóla út úr og hygla honum á kostnað annarra. Skólinn skiptir vissulega máli en þegar öllu er á botninn hvolft er það nemandinn sem þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru, bæði í námi og eftir að hann lýkur því.“

Næg verkefni virðast vera fyrir alla sem útskrifast úr lögfræði að sögn Guðmundar. „Þegar ég ákvað að fara í lögfræði sagði einn samkennari minn í Árbæjarskóla. „Lögfræði, bíddu við. Er pabbi þinn lögmaður?“ „Nei,“ svaraði ég. „Þá hlýtur afi þinn að vera sýslumaður.“ „Ekki heldur.“ „Hvernig dettur þér þá í hug að fara í lögfræði? Þú færð aldrei vinnu.“ Þessu er sem sagt búið að halda fram í áratugi. Það sem hefur breyst er að námið er orðið mun breiðara en það var og þó allir nemendur sem útskrifast eigi að sjálfsögðu að ráða við lögmennsku og dómarastörf þá er þeirra þörf svo miklu víðar við lausnir á álitaefnum.“ **gun@frettabladid.is**

†



*Ástkær móðir mín,*

**Edel Einarsson**

andaðist í Skælskør í Danmörku fimmtudaginn 18. nóvember. Útför hennar fer fram frá Sankt Nikolais kirke í Skælskør laugardaginn 27. nóvember kl. 11.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**

**Atli Ágústsson**

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Hafþór Guðjónsson**

bifreiðarstjóri, Brúnavegi 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 20. nóvember síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Björg Ólafsdóttir** **Magnús Magnússon**
**Daníel Ólafsson**
**Guðjón Hafþór Ólafsson** **Þuríður Edda Skúladóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn**



**Hreyfing** er hvers konar vinna beinagrindarvöðva sem eykur orkunotkun umfram það sem gerist í hvíld. Hún nær því yfir nánast allar athafnir daglegs lífs. Miðlungserfið hreyfing er hreyfing sem krefst þrisvar til sex sinnum meiri orkunotkunar en í hvíld en erfið hreyfing er hreyfing sem krefst meira en sex sinnum meiri orkunotkunar en í hvíld.



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Fjölnota nuddpúði



- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Titringur
- Fjarstýring

Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 - 16

Verð aðeins 17.950 krónur

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum



Basel Sófasett 3+1+1 Verð frá 360.900 kr

Íslenskir sófar
Yfir 90 mismunandi gerðir.
Mál og áklæði að eigin vali.



Borð í úrvali Verð frá 24.500 kr Borðstofustólar - Verð frá 12.900 kr

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Jólagjafir og jólaskraut og jóladúkar



Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

**Rakel Sif Sigurðardóttir næringarráðgjafi aðstoðar fólk með alls kyns vandamál í gegnum netið.**



HEILSA | 2

# Matardiskurinn stærri

„Ég tek heilbrigðu skynsemina á þetta, enda þarf að taka tillit til forsendna hvers og eins," segir Rakel Sif Sigurðardóttir næringarráðgjafi. MYND/NÍNA BJÖRK

Rakel Sif Sigurðardóttir næringarráðgjafi hefur unnið með fólki á öllum aldri sem þarf á aðstoð að halda við að tvinna heilsusamlegri lifnaðarhætti inn í líf sitt. Hún segir óhollt líferni oft engu öðru um að kenna en tíma- og skipulagsleysi.

Rakel Sif býr í Lúxemborg en ár er síðan hún útskrifaðist frá Suhrs Metropolitan háskólanum í Kaupmannahöfn. Þótt Rakel búi í Lúxemborg hefur hún aðstoðað fjölda Íslendinga með vandamál sín og nýtt þar internetið en einnig kemur hún heim á þriggja mánaða fresti og gefur viðtöl. Þá heldur Rakel úti öflugri Facebook-síðu „Naeringogheilsa" þar sem finna má uppskriftir og alls kyns fróðleik og Rakel svarar þar eftir fremsta megni spurningum um næringu og heilsu sem brenna á fólki.

„Mín næringar- og heilsuráðgjöf er hugsuð sem heildræn aðferð í að aðstoða fólk við að tvinna heilsusamlegri lifnaðarhætti inn í líf sitt, á þeirra forsendum og mikilvægt að mæta þörfum hvers og eins. Þannig





LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins





10 ÁR Á ÍSLANDI www.vilji.is • Sími 856 3451

**Salt** þykir ekki gott fyrir heilsuna og forðast ætti vörur sem innihalda 1,25 grömm af salti eða 0,5 g af natríum eða meira í 100 grömmum. Það er mikilvægt að lesa næringarefnatöflunar séu þær til staðar. Dæmi um saltríka vöru eru bjúgu en í 100 grömmum eru á bilinu 1,25 til 2,75 g salt í 100 grömmum. Heimild: www.lydheilsustod.is



# Þrjátíu gen hafa áhrif á kynþroska

**Gen og holdafar hafa áhrif á snemmbúinn kynþroska.**

Að minnsta kosti þrjátíu gen virðast hafa áhrif á það hvenær stelpur verða kynþoska samkvæmt rannsókn sem náði til 100.000 kvenna og var birt í tímaritinu Nature Genetics á dögunum.



Stelpur verða fyrr kynþroska nú en áður.

Í Bretlandi byrja yngstu stelpurnar að sýna merki um kynþroska strax við tíu ára aldur en snemmbúinn kynþroski hefur verið tengdur hættu á krabbameini hjá konum síðar á ævinni. Sérfræðingar eru ekki á eitt sáttir um ástæður þess að stúlkur verða fyrr kynþroska nú en áður en sumir hafa tengt það við offitu. Nýleg rannsókn á vegum Reprogen Consotium ýtir undir þá tilgátu. Á meðal þeirra 30 gena sem komu fram í genarannsókninni voru einmitt mörg þeirra tengd efnaskiptum og þyngdarstjórnun.



„Ég tek heilbrigðu skynsemina á þetta, enda þarf að taka tillit til forsenda hvers og eins," segir Rakel Sif Sigurðardóttir næringarráðgjafi. MYND/NÍNA BJÖRK

Framhald af forsíðu

eykst möguleikinn á velgengni til langtíma," segir Rakel.

„Það er mjög misjafnt með hvaða vandamál fólk leitar til mín, allt frá fólki sem er í yfirþyngd, með nokkur aukakíló, fólk með meltingarsjúkdóma eða hvers kyns fæðuvandamál, óþol eða ofnæmi og svo einfaldlega fólk sem er að leita að einföldum ráðleggingum um það hvernig það getur tileinkað sér hollari lífsstíl," segir Rakel og bætir við að þar snúist vandamálið oftar en ekki um tímaskort, hugmynda- og skipulagsleysi.

„Fólk skipuleggur sig ekki fyrirfram, kemur heim eftir vinnu og klukkan korter í sjö, þegar það á að fara að útbúa kvöldmatinn er ísskápurinn tómur og allir orðnir glorsoltnir. Þá er oft á tíðum líklegra að maður velji sér fæðu sem er óhollari en þá sem er holl. Á þessum tímapunkti finnst fólki oft erfiður hjalli að ætla að fara að útbúa holla og næringarríka fæðu, sem er mjög skiljanlegt því fólk er þá yfirleitt fallið í blóðsykri og vantar einfaldlega orku."

Rakel segir að Íslendingar og þjóðir almennt borði allt öðruvísi í dag en fyrir tuttugu árum og einkum sé magnið mun meira en áður. „Skammtarnir eru orðnir miklu stærri. Sem dæmi má nefna að fyrir tuttugu árum var matardiskurinn 24 sentimetrar í þvermál en er nú 27 sentimetrar. Það eru alls kyns atriði sem plata og hvetja til þess að fólk fái sér stærri skammta. Sú hugsun að fá meira fyrir peninginn, með því að þiggja stærri skammt af frönskum, stærra kók, stóran Ópalpakka og súkkulaði sem inniheldur kannski 33% meira magn en áður, þýðir að fólk tapar mögulega á því heilsufarslega. Þú fékkst kannski meira fyrir peninginn en umframkaloríurnar setjast beint á buxnastrenginn og hafa áhrif á heilsu, vellíðan og lífsgæði."

Það er mat Rakelar að hinn almenni neytandi sé orðinn þreyttur á tali um hvað hann eigi að borða enda ekkert skrýtið þar sem ráð frá alls kyns sérfræðingum eigi ekki saman. „Það eru tískubylgjur í þessu eins og öllu öðru. Eitt misserið snýst allt um að borða meira prótín, það næsta er það meiri fita, eða bara hráfæði, glútenfrítt, þetta kemur í bylgjum. Ég tek heilbrigðu skynsemina á þetta, enda þarf að taka tillit til forsendna hvers og eins."

*juliam@frettabladid.is*


HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU

Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu

NÁMSKEIÐ Í ANDLITSNUDDI & INDVERSKU HÖFUÐNUDDI

*27 nóvember frá kl. 11.00 til 15.00*

Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.

Heilsusetur Þórgunnu

552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is





**Ungabarnanuddnámskeið fyrir foreldra 1-10 mánaða fimmtudaginn 25.11 nk. Kl 14.00**

ATH 2000 kr afsláttur af þessu síðasta námskeiði ársins.

Skoðaðu Heilsusetur.is eða hringdu í síma 552 1850 eða 896 9653





**Goji hamingjusafinn sem slegið hefur í gegn**

**20% afsláttur**

Safinn inniheldur náttúruleg andoxunarefni sem hægja á öldrun, eru styrkjandi og fyrirbyggja meðal annars hjarta- og æðasjúkdóma. Komdu við í næstu verslun Maður lifandi og kynntu þér málið.

maður lifandi

www.madurlifandi.is

Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6, 201 Kópavogur, Sími: 585 8710

Hafnarborg strandgötu, 220 Hafnarfirði, Sími: 585 8720



**Hágæða herra-kuldaskór**

úr leðri, fóðraðir með lambsgæru. Góður sóli.





Teg:53802 482

Stærðir: 40 - 47

Litir: brúnt og svart

**Verð: 24.775.-**

Misty skor

Laugavegi 178

**Sími 551 2070.**

**Opið mán.-fös. 10-18.**

**Laug. 10-14.**

**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**

**www.misty.is**

**Vertu vinur**



OLANG

Þeir eru komnir





**NÝ SENDING AF KULDASKÓM MEÐ MANNBRODDUM**

**FYRIR DÖMU OG HERRA Í JÓLAPAKKANN ÞINN**

BASLER

**Skipholti 29b • S. 551 0770**

**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


Borðaðu mat sem rotnar er ein af 64 reglum í bók Michael Pollan; Mataræði Handbók um hollustu. Að matur skuli skemmast þýðir að sveppir, bakteríur, skordýr og nagdýr sem við keppum við um næringu hafi komist í hann á undan. Matvinnsla hefur þróast til að lengja geymslutímann með því að fjarlægja það sem keppinautarnir vilja eins og omega-3 fitusýrur. Unninn matur er því næringarsnauðari en hefðbundinn matur.

**Heimild: Mataræði Handbók um hollustu**

# híbýli og viðhald

ÞRIÐJUDAGUR 23. NÓVEMBER 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY


Gömul innrétting fyrir endurnýjun.


Sama innrétting eftir sprautun með háglanslakki.

# Innréttingar ganga í endurnýjun lífdaga

**Sprautun.is í Kópavogi sérhæfir sig í sprautun á innréttingum og innihurðum og býður upp á mikið úrval lita í hálfmöttu eða háglans. Theódór Pálsson, eigandi Sprautunar.is, skipti til skamms tíma vinnustundunum niður á milli sprautunarinnar og flugs fyrir Icejet, en hefur nú snúið sér alfarið að sprautuninni, enda segir hann það hafa færst mikið í vöxt að fólk endurnýi innréttingar í stað þess að kaupa nýjar auk þess sem nýsmíðin blómstri.**

„Það er engin innrétting svo illa farin að ekki sé hægt að gera hana eins og nýja," segir Theódór. „Oftast nægir að láta sprauta framhliðina, innvolsið er alltaf eins."

Theódór segir það kosta brotabrot af verði nýrrar innréttingar að láta sprauta þá gömlu. „Að sprauta heila eldhúsinnréttingu kostar á bilinu 80-150 þúsund á meðan ný innrétting kostar fleiri hundruð þúsund, fyrir utan kostnaðinn við að láta taka þá gömlu niður og setja nýja upp."

Sprautun.is sér ekki um að taka innréttingar niður og setja upp, enda segir hann óþarfa að rífa þær niður fyrir sprautun. „Það er nóg að taka hurðirnar og hliðarnar af og koma með til okkar," segir hann. „Og í versta falli, ef hurðirnar eru mjög illa farnar, lætur fólk bara saga nýjar eftir máli og kemur með til okkar í sprautun. Það er mjög ódýr aðgerð líka."

Sprautun.is sprautar ekki bara eldhúsinnréttingar, þeir geta sprautað nánast hvað sem er. „Innihurðir sprautum við mikið," segir Theódór, „baðherbergisinnréttingar, fataskápshurðir, bara nefndu það við getum gert það eins og nýtt. Fólk vill ýmist hálfmatt lakk eða háglans en þá notum við bílalakk, sem er besti háglans sem til er. Og við erum með mörg þúsund litaafbrigði og öll litaspjöldin liggja frammi hjá okkur í Sprautun.is. Fólk er oft ekki alveg búið að ákveða hvað það vill þegar það kemur til okkar, en við erum með sýnishorn og gefum góð ráð sem auðvelda valið."

Á heimasíðu Sprautunar.is er hægt að velja hlekk sem heitir „Fá tilboð" og skrifa niður hugmyndir sínar um breytingarnar sem fólk hefur í huga. „Það felst engin skuldbinding í því að fá tilboð," segir Theódór. „Stundum sendir fólk okkur myndir eða útlistar hvað það er sem það sækist eftir og við sendum þá til baka tilboð miðað við bæði háglans og hálfmatt. Fólk fær þá uppgefið hvað hugmyndir þess kosta í framkvæmd og getur svo bara átt tilboðið til betri tíma, ef það hentar ekki akkúrat þá. Oft heyrum við ekkert frá fólki aftur fyrr en það mætir á staðinn með innréttingarnar og er búið að ákveða hvernig sprautun það vill fá."

Theódór er menntaður flugmaður og flaug lengi fyrir Icejet, en hætti þar í sumar og sneri sér alfarið að sprautuninni. „Það var nú eiginlega sjálfhætt í fluginu, fyrirtækið lagði upp laupana, en það kom sér mjög vel því við erum að kafna í verkefnum í sprautuninni, bæði endurnýjun og sprautun á nýsmíði innréttingafyrirtækjanna sem virðist vera að taka mikinn kipp. Ég er samt ekki alveg hættur að fljúga, ég geymi það í bili," segir Theódór. *- fsb*


Hætti í fluginu til að einbeita sér að sprautuninni. Theódór í aksjón á verkstæði Sprautunar.is FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Þarftu aðstoð við að sækja um styrk í Húsafriðunarsjóð?**



HÚSVERNDARSTOFA

**Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa**

Endurgjaldslaus ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 16 – 18 og á sama tíma í síma 411 6333

**Húsafriðunarnefnd – IÐAN fræðslusetur – Minjasafn Reykjavíkur**


# Nýtt hús á hálendinu

Nýtt hús er í byggingu við heitu laugarnar í grennd við Laugafell á Fljótsdalsöræfum. Fljótsdalshreppur byggir húsið og að sögn Gunnþórunnar Ingólfsdóttur sveitarstjóra tekur það meðal annars við hlutverki eldri húsa á sama stað, sem eru gangnamannakofar og þjónustuhús fyrir skipulagðar hestaferðir. „Svo teljum við að ferðalög um þetta svæði aukist með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs og góðra vega," segir hún.

Húsið er um 300 fermetrar að stærð sem skiptast í tvær hæðir. Möguleiki verður fyrir fólk að gista þar, bæði í stórum rýmum fyrir hópa og einnig minni herbergjum.


Stórhýsi er í smíðum við Laugafell. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Þar verður einnig borðsalur og eldhús sem til að byrja með miðast við að hópar sjái um matreiðsluna sjálfir.

Gunnþórunn segir hreppinn ekki ætla að reka húsið til lengri tíma heldur verði fundinn rekstraraðili sem haldi þar uppi vörslu. *- gun*


DeKunstlinie – leikhúsið og menningarmiðstöðin í Almere í Hollandi.


Nýja samtímalistasafnið (New Museum of Contemporary Art) í New York.


The Rolex lærdómssetrið, eða École Polytechnique Federale, í Lausanne í Sviss.

# Bæði viðkvæm og kröftug

**Japönsku arkitektarnir Kazuyo Sejima og Ryue Nishizawa, hjá arkitektastofunni SANAA, hlutu Pritzker-verðlaunin árið 2010. Verðlaunin eru þau æðstu í heimi arkitekta.**


Sejima og Nishizawa hlutu hin eftirsóttur Pritzker verðlaun sem afhent voru í vor.

Þetta var í þriðja sinn í þrjátíu ára sögu verðlaunanna sem tveir arkitektar hlutu verðlaunin. Fyrst var það árið 1988 þegar Oscar Niemeyer og Gordon Bunshaft hlutu þau og síðan árið 2001 þegar Jacques Herzog and Pierre de Meuron hlutu verðlaunin.

Japanskir arkitektar hafa hlotið verðlaunin þrisvar í þrjátíu ára sögu verðlaunanna. Fyrst Kenzo Tange 1987, Fumihiko Maki árið 1993 og Tadao Ando 1995.

Um verk þeirra Kazuyo Sejima og Ryue Nishizawa var sagt: Verk þeirra eru bæði viðkvæm og kröftug, nákvæm og fljótandi, hugvitsamleg en á yfirvegaðan máta. Flest verka þeirra er að finna í Japan, en Sejima and Nishizawa hafa einnig hannað byggingar í Þýskalandi, Bretlandi, á Spáni, Frakklandi, Hollandi og Bandaríkjunum undir nafni SANAA.


Zollverein Designschule í Essen í Þýskalandi.

● **VIÐHALDSKOSTNAÐUR FRÁDRÁTTARBÆR** Kostnaður vegna viðhalds fasteigna er nú frádráttarbær frá skatti einstaklinga. Þetta er nýjung sem kemur til viðbótar 100% endurgreiðslu VSK af vinnu á byggingastað. Endurgreiðslurnar eru tímabundnar og er ætlað að hvetja fólk til framkvæmda.



Heimilt er að draga fjárhæð sem varið er til vinnu við endurbætur eða viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og frístundahúsnæði frá tekjuskattsstofni að ákveðnu hámarki. Auk viðhalds fasteigna nær heimildin líka til vinnu vegna lóðaframkvæmda. Heimild þessi mun koma til frádráttar tekjuskattsstofni við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 vegna tekjuáranna 2010 og 2011, að hámarki kr. 200.000 hjá einhleypingi eða kr. 300.000 hjá hjónum og sambúðarfólki.

*Heimild si.is*




●**STOFAN MÁLUÐ FYRIR JÓLIN** Aðventuna notar fólk gjarnan til að hressa upp á heimilið. Í málningarvörubúðum er hægt að fá góðar ráðleggingar en ef verkið sýnist óyfirstíganlegt skal fá fagmann til verksins. Ætli fólk að ráðast í stórræðin sjálft er gott að hafa nokkur atriði í huga áður en hafist er handa.

- Loft skal mála á undan veggjum og gjarnan í ljósari lit.
- Gljástig loftmálningar skal vera í kringum 5 en á veggi er notað gljástig 10-20. Í eldhúsi og baðherbergi er mælt með enn hærra gljástigi
- Athugið að aukinn gljái gerir misfellur á yfirborði sýnilegri.
- Litir virðast sterkari ef flöturinn er stór. Ágæt þumalputtaregla er því að velja daufari liti á stóra fleti en sterkari á litla. Eins skal hafa í huga að lýsing hefur áhrif á liti.
- Byrjið ekki á nýrri málningardós þegar flöturinn er hálfnaður.
- Rétt hitastig (15-20°C) og rakastig (40-70%) skipta máli.
- Yfirborð flata sem mála á skal vera hreint og þurrt, sérstaklega þar sem fita gæti hafa sest á fletina til dæmis í eldhúsi.

*heimild: www.slipp.is*


Lýsing hefur áhrif hvernig litur á veggjum skilar sér.
MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



# KitchenAid® JÓLATILBOÐ













***Hrærivélarnar fást í mörgum litum!***
***Verð frá kr. 79.990***

**Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.**

KitchenAid®
FOR THE WAY IT'S MADE.®

# Saeco *kaffivélar*

***– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil***






**NÓVEMBER TILBOÐ**

***Verð frá 69.990***

**2 kg af hágæða KIMBO kaffibaunum fylgja öllum Saeco vélum.**






*Lítið við og skoðið úrvalið*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**TILBOÐ TILBOÐ**
Toyota Corolla 1,4 VVTI Wagon 10/2005 ek 129 þ.km 5 gíra, 100% smurbók, verð 899.000.-

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**KRÓKUR**
**BÍLAUPPBOÐ**
www.bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is sími 522-4610

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**http://bilauppbod.krokur.net**

**City Runner**




**City Runner ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

**100 bílar.is** bílasala



Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

## Bílar til sölu



Suzuki Baleno ,99 Keyrður: 168.000 Skoðaður: 2011 Verð: 399.000 Planið 5170000



Subaru Forester LUX ,05 Keyrður: 69.000 Skoðaður: 2011 Tilboð: 1.790.000 Planið 5170000



VW Polo 1.4 ,99 Keyrður: 169.000 Ný tímareim í 101.000 Skoðaður: 2011 Verð: 350.000 Planið 5170000



**Mega bull verð!**
Chrysler 300M árg. ,99, 3.5 High Output ekinn 102 þ. m sjálfskiptur, leður, 18" álfelgur, cruise, rafmagn í öllu, CD, skoðaður 2011, Glæsilegur bíll, mikið endurnýjaður s.s. tímareim, vatnsdæla, bremsur, spyrnur framan, glæsilegur bíll verð aðeins 890.000- Tilboð 650.000-. Uppl. í síma 861 7600.



**7 Manna 4x4 195Þ**
Mitsubishi spacewagon árg96 4x4, sjálfsk. frábær fjölskyldubíll skoðaður 2011 S.891 9847.

## 0-250 þús.

Ford Explorer árg. ,95 ek. 130 þús. Svartur. Óskoðaður, ógangf. og þarfnast viðgerðar. V. 70 þús. S. 777 6720.

## 250-499 þús.

VW Polo arg.2000 1,4 benzin. ekin .144,000,blar,ny nagla dekk,ny smurd-ur,ny timareim,ny kupling, skodadur 2011. Lista verd 590,000 Tilbod: 390,000 simin: 6600749

## Bílar óskast

Ódýr bifreið óskast. Má þarfnast smá aðhlynningar. Stgr. ca. 60-160þ. S. 821 9887.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374 .

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Óska eftir bíl allt að 300 þ. kr. stgr. Allt kemur til greina. s. 867 8237.

## Jeppar

Cherokee ,93 V8 220hö. Ek. 190þús. Sk.'11. Ryðlaus, lítur mjög vel út að innan og utan. Nagladekk, álfelgur, cruize control, CD, aksturstölva. Toppeintak, mikið endurnýjaður. Verð, 460þús eða tilboð. S: 849-9419

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
**Eina sérhæfða hjólasmíðastofa landsins!**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.659 159 eða 664 6440 kriacycles.com

## Vinnuvélar



Til leigu skotbómu lyftur/lyftarar 15.5 og 22m ,12m. Góð verð s: 660 1704.




## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is



**Flutningar, partý, hóp**
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

## Hjólbarðar

Dekk og felgur í ýmsa bíla, einnig varahlutir í bíla. Uppl. í síma 896 8568.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bilapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




**Hringbraut.is**
**Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**partabilar.is 770-6400**
**Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98. Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## ÞJÓNUSTA

## Sendibílaþjónusta




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja










Setjum upp jólaseríur og annað skraut fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og stofnanir. Útvegum allt sem til þarf og hjálpum til með hugmyndir. Sé eldra skraut til staðar setjum við það upp. Garðar best ehf, sími 698 9334, heimasíða: garðarbest.is, netfang: gardarbest@gardarbest.is, facebook: Garðar best

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Til sölu

**Eigum til sýningarvélar á frábæru tilboði**



**MiniMax LAB 300N**
Alsambyggð vél - Álsleði - Hallandi blað - Fyrirskeri
3 Motorara - 3hö
**Tilboðsverð: 850.000.- m/vsk**



**MiniMax ST3 W sbs**
Sög og fræsari - Hallanl. blað.
Hallanl. fræsispindill - Álsleði
2 Motorar - 5 hö
**Tilboðsverð 830.000 m/vsk**



**MiniMax C26 Genius**
Alsambyggð vél - Álsleði
Hallanlegt blað - Einnota hefiltennur
**Tilboðsverð 670.000 m/vsk**

**Sjá nánar á Idnvelar.is**
**Sagarblöð/verkfæri/loft-pressur/lím/járnsmíðavélar**
**Þjónusta við allar gerðir iðnaðarvéla.**

**IÐNVÉLAR**
SMIÐJUVEGI 44-46 • KÓPAVOGI • S: 414 2700 • Fax: 414 2701

## Húsaviðhald







Húsasmíðameistari. Tek að mér hvers kyns viðhald og nýsmíði. Uppl. í s. 898 0771 eða veidilan@gmail.com

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149. nv.verktakar@gmail.com




## Tölvur







Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Tek að mér heilun. Uppl. í síma 861 0499

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar




**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga næstu viku.**

**250 kr. mínótan.**




## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.



**GreenHouse**
Góður og fallegur fatnaður. Verið velkomin, opið í dag frá 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

## KEYPT & SELT

## Til sölu













Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, eldavélar, uppþvottavél, borðtölva, sjónvörp, stólar, video, rúm, rafmagnsrúm m. nuddi, örbylgjuofn, spennubreytar, bílavarahlutir, dekk, bílageislaspilari. S. 896 8568.

**Til sölu**

Borðstofuborð og 6 stólar - Skenkur - örbylgjuofn - brauðrist - ísskápur - sjónvarp og borð - tölvuborð - Djúpsteikingapottur - pottar af ýmsum gerðum - glös og bollar. Uppl í síma 843 0543. Milli 13-18 23.11.10

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSKSími: ~~5520110 www.pon.is~~

Til sölu rafmagns pallettutjakkur, notaður í 15 klst, lyftir 1300 Kg. Verð 160000. Uppl. í s. 862 9238.

## Verslun



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!! FRÁBÆR VERÐ,str: 36-56. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**bathmate.is**
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*

**TUNGUHJÓLIÐ**
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
**FLESHLIGHT.IS**
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**BODYNUDD!**
Unaður og slökun. Uppl. í síma 848 6255 PS: Svara ekki leynir:)

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole bode massage 841 8529.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**Námskeið fyrir heyrnarskerta**

**Tvö skipti: 24.11. og 8.12. Kl. 17:30-20:30 Kynnumst fólki, mat og menningu Mið austurlanda og Póllands. Kynnum þeim land okkar og hefðir. Byggjum brú milli menningarheima!**

**Matur. Tónmöskvi. Rittúlkur-Táknmálst.**

**Takmarkaður fjöldi.**

**Fyrstur kemur, fyrstur fær!**

**Uppl. www.heyrnarhjalp.is og S: 551 58 95 milli 11-14**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Gunna hvarf frá heimili sínu að Spítalastíg, í Þingholtunum, fimmtudaginn 18. nóvember síðastliðinn. Hún ætti að vera með ól auk þess er hún eyrna- og örmerkt. Gunna er þrílit, með hvítan blett á bringunni og svolítið hvítt fremst á hverri loppu. Allar vísbendingar um hvern hennar eru mjög vel þegnar. S: 896-9432.

Óska eftir góðu fuglabúri. Þarf að vera heilt. Uppl. í s. 891 8727.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




Fislétt og hlý. Ótrúlega þægileg. Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482 eftir kl. 16.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**STAY APARTMENTS**

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

Small studio flat in 101. Prise 40.000kr. Telephone: 898 9574

Room for rent in 101 very close to bus station. Everuthing included. 50.000kr. Telephone 898 9574.

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

**Til leigu 4 herbergja íbúð - 221.**
Til leigu 100 fm 4 herbergja íbúð á Eskivöllum í Hafnarfirði flott nýleg íbúð á kr 135.000 á mánuði senda uppl á eskivellir@visir.is

## Húsnæði óskast

óska eftir 3 herbergja íbúð á Reykjavíkursvæðinu eftir áramót eða fyrr. skilvísum greiðslum er heitið. s: 8622866

## Fasteignir

**3ja herbergja íbúð í Laugarnes- eða Langholtshverfi óskast.**
**Óskum eftir vandaðri 3ja herbergja íbúð til kaups eða leigu í Laugarnes- eða Langholtshverfi. Ekki er óskað eftir íbúð á jarðhæð. Íbúðin þarf að vera laus sem fyrst. Vinsamlegast hafið samband í síma 8203264 eða á halldor@thg.is**

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pizzeria Rizzo**

**Rizzo Hraunbæ**
**Bráðvantar pizzabakara á Rizzo Express í Hraunbæ. Fullt starf og hlutastarf í boði. Áhugasamir skili umsókn í Hraunbæ 121, 110 RVK. Umsóknareyðublöð á staðnum**



**Sölufólk óskast**
Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Upplýsingar á skrifstofu frá kl. 9-16, s: 525-0000, tölvup. blind@blind.is

Er að leita að sölufólki á frábærum þýskum vörum. Góð laun. Upplýsingar í síma 867 0677.

Vantar fólk til sölu og kynningarstarfa. Uppl. í s. 773 2100.

Energia veitingastaður Smáralind-helgarvinna. Vantar hörkuduglegt, hresst og jákvætt fólk í sal á kaffibar og/eða aðstoð í eldhúsi, einungis er um helgarvinnu eða hlutastörf að ræða, íslenskukunátta skilyrði og ekki yngra en 20ára. Áhugasamir hafi samband í síma 6640664 eða á energia@energia.is

Bílsstjóri óskast til starfa. Meirapróf ekki nauðsynlegt. - buslodir@gmail.com.

Starfsmaður óskast til afgreiðslu og þjónustu á kaffihús. 25 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

**BILAPARTAR.IS**
**Notaðir TOYOTA varahlutir**
**Sími: 587 7659**

**Starfsmaður óskast**
Óskum eftir starfsmanni á bílapartarsölu. Mikil úti vinna. Krafist er mikillar þekkingar á bílum. Aðeins reyklaus og heiðarlegur starfsmaður kemur til greina. Íslenska skilyrði. Uppl. Hjá Bílapörtum ehf, Grænumýri 3. Mosfellsbæ Milli 9-11 í dag.

## Fasteignir

**Til sölu**
**2 og 3 herbergja íbúðir við Lækjargötu RVK á 3. hæð efstu. Gott að búa til stúdíóíbúð. Verð 36 millj. Upplýsingar HOF s. 564 6464**

## Húsnæði óskast

**ATVINNUHÚS EHF**

**3JA HERBERGJA ÓSKAST TIL LEIGU Í MIÐBORGINNI.**

GÓÐ ÍBÚÐ ÓSKAST MIÐSVÆÐIS FYRIR EINHLEYPAN LÆKNI Í 4 – 6 MÁNUÐI, MÖGULEGA LENGUR.

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4 – 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 – ATLI@ATVINNUHUS.IS

## Tilkynningar



LANDSKJÖRSTJÓRN

**Auglýsing frá landskjörstjórn um talningu atkvæða í kosningum til stjórnlagaþings 27. nóvember 2010 og móttöku utankjörfundaratkvæða**

Landskjörstjórn kemur saman að loknum kjörfundi, kl. 22 laugardaginn 27. nóvember nk., til þess að opna atkvæðakassa og undirbúa talningu atkvæða í kosningum til stjórnlagaþings, sem fram fara sama dag. Atkvæðin verða talin í Laugardalshöll, Engjavegi 8 í Reykjavík, og hefst talningin kl. 9 sunnudaginn 28. nóvember nk. Úrslit kosninganna verða kunngerð strax að talningu lokinni.

Kjósendur sem greiða atkvæði utan kjörfundar skulu koma atkvæðum sínum til skila fyrir kl. 22 á kjördag. Koma skal atkvæði til kjörstjórnar í því sveitarfélagi þar sem kjósandi er á kjörskrá eða til landskjörstjórnar: Landskjörstjórn, Alþingishúsinu við Austurvöll, 150 Reykjavík. Enn fremur er kjósendum heimilt að koma utankjörfundaratkvæðum til yfirkjörstjórna og kjörstjórna í öðrum sveitarfélögum fyrir nefnt tímamark.

Brýnt er að kjósendur búi sig undir kosningarathöfnina eins og kostur er, hafi með sér útfylltan hjálparseðil og riti skýrt auðkennistölur þeirra frambjóðenda sem þeir raða á kjörseðilinn.

18. nóvember 2010,
Landskjörstjórn.



†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Þórarins Hauks Hallvarðssonar**

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Erla Long.**

---

†

*Ástkær faðir okkar,*

**Guðjón Guðmundsson**
frá Bakkagerði,

andaðist á Hrafnistu sunnudaginn 21. nóvember.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sæunn Guðjónsdóttir**
**Birgir Guðjónsson**
**Björn Guðjónsson**

---



†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eðvarð Kristjánsson**
Skipstjóri
Lækjasmára 7, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. nóvember sl. Útförin fer fram miðvikudaginn 1. desember klukkan 15.00 frá Digraneskirkju.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Lilja Eðvarðsdóttir**
**Ragnheiður Edda Jónsdóttir** **Guðmundur Þór Kristjánsson**
**Eðvarð Dan Eðvarðsson**
**Kristján Ólafur Eðvarðsson** **Þorgerður Þorvaldsdóttir**
**Páll Valgarð Eðvarðsson** **Ósk Pálsdóttir**
**Ósk Eðvarðsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurðsson**
Miðgarði, Stafholtstungum,

fæddur 9. júlí 1920, lést á Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi föstudaginn 12. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra Borgarnesi fyrir umönnun og hlýju og biðjum þá sem vilja minnast hans að láta Dvalarheimilið njóta þess.

**Þorbjörg Einarsdóttir** **Páll Þórðarson**
**Sigríður Númadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Móðir okkar,*

**Hjördís Þorsteinsdóttir**
Blikaási 25, Hafnarfirði,

sem andaðist þann 14. nóvember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þann 24. nóvember næstkomandi kl. 13.00.

**Íris Randversdóttir**
**Randver Þ. Randversson**
**Lára Björk Steingrímsdóttir**
**Margrét Hildur Steingrímsdóttir**
**Rafnar Steingrímsson**

---

# Æfintýravísur Jóns Leifs

Hausttónleikar Háskólakórsins verða haldnir í Neskirkju, í kvöld klukkan 20.

Frumfluttar verða Æfintýravísur eftir Jón Leifs og eins og segir í fréttatilkynningu frá Háskólakórnum er ætlunin að afsanna orð Jóns Leifs í gömlu útvarpsviðtali þar sem hann sagði að ekki væri til neinn almennilegur kór á Íslandi.

Æfintýravísur er síðasta verkið í trílógíu Jóns Leifs, en áður hefur Háskólakórinn frumflutt Dýravísur og Álfavísur. Kórinn hefur einnig tekið öll þrjú verkin upp og verða þau á nýjum geisladisk Háskólakórsins sem verður gefinn út næsta vor.

Einnig verða flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Ríkarð Örn Pálsson, Gunnstein Ólafsson og fleiri á tónleikunum og munu sex félagar úr kórnum syngja einsöng. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson og um píanóleik með einsöngvurum sér Selma Guðmundsdóttir

Hægt er að nálgast miða hjá kórfélögum, á kor@hi.is og við dyrnar.



**ÆFINTÝRAVÍSUR** Háskólakórinn frumflytur síðasta verkið úr trílógíu Jóns Leifs í Neskirkju í kvöld klukkan 20. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stofnfundur Bótar

Formlegur stofnfundur Bótar verður haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju klukkan 16.30 í dag. Á dagskrá fundarins verður kynning á Bót sem aðgerðahópi um bætt samfélag, ásamt tilnefningum og kosningu til aðalstjórnar og meðstjórnar, en einnig verður orðið laust og fleira á dagskrá.

Meðal krafna og markmiða Bótar eru réttlátara og einfaldara bótakerfi, að unnið sé gegn fátækt í verki, að stjórnvöld fari að lögum þegar tryggður er réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis og örbirgðar, að raunveruleg lágmarksframfærsla verði útreiknuð, að enginn svelti og allir eigi heimili samkvæmt lögum og að Ísland hætti að vera eina landið á Norðurlöndum sem fylgi láglaunastefnu og reiði sig á matarúthlutanir. Allir sem hafa áhuga á bættu samfélagi eru hjartanlega velkomnir.



**GRENSÁSKIRKJA** Stofnfundur Bótar verður haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju í dag.

# Guðsorð að morgni

Síðasta morgunmessa Hafnarfjarðarkirkju verður sungin í fyrramálið klukkan 8.05, en í vetur hafa messugestir safnað fyrir Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar.

Í þessari síðustu morgunmessu mun fulltrúi nefndarinnar mæta og taka við söfnunarfénu strax eftir messuna.

Séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur Hafnarfjarðarkirkju, hvetur sem flesta til að koma og taka þátt í þessari mikilvægu og verðugu söfnun sem og að upplifa guðsorð að morgni, sem er einkar notalegt fyrir amstur hversdagsins.



**SÉRA ÞÓRHALLUR** Síðasta morgunmessa Hafnarfjarðarkirkju verður sungin í fyrramálið.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og tengdasonur,*

**Eyjólfur Karlsson**
Sjávargrund 8a, Garðabæ,

verður jarðsunginn fimmtudaginn 25. nóvember næstkomandi kl. 13 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Kristjana Júlía Jónsdóttir**
**Hulda Lind Eyjólfsdóttir** **Ólafur Sigmundsson**
**Karl Jónasson** **Guðný Aradóttir**
**Jón Gunnar Jóhannsson** **Unnur Jóhannsdóttir**
**afabörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón E. Aspar**
Skálateigi 7, Akureyri,

lést fimmtudaginn 18. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 26. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Þroskahjálp á Norðurlandi eystra.

**Sigríður Jónsdóttir** **Skúli Magnússon**
**Halldór Aspar**
**afa- og langafabörn**

---

†

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Sigurður Viðar Óskarsson**
Aðalstræti 8, Akureyri,

lést á heimili sínu 16. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 25. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**

**Ulrike Sillus**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigurrósar Guðbjargar Þórðardóttur**
frá Klúku í Miðdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hólmavík fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Sverrir Guðbrandsson**
**Guðbrandur Sverrisson** **Lilja Þóra Jóhannsdóttir**
**Þórður Sverrisson** **Ingibjörg Elísa Fossdal**
**Matthildur G. Sverrisdóttir** **Ingimundur Benediktsson**
**Aðalbjörn Guðm. Sverrisson** **Ekaterina Mishchuk**
**Björn Halldórs Sverrisson** **Helga B. Gunnarsdóttir**
**Ragnar R. Sverrisson** **Dýrfinna Petra Hansdóttir**
**Heiðrún R. Sverrisdóttir** **Ragnar Guðm. Gunnarsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---

†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Róbert Viðar Hafsteinsson**

varð bráðkvaddur föstudaginn 19. nóvember.

**Árni Gunnar Róbertsson**
**Hafsteinn Róbertsson**
**Elín G. Steindórsdóttir**
**Hilmar Þór Hafsteinsson**
**Sigríður Aðalheiður Aðalbergsdóttir**
**og barnabörn**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FISKUR

## FERSKUR EÐA FROSINN




898 KR.kg

NF FROSNIR **ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR




998 KR.kg

**NÝ FERSK LÍNUÝSA** ROÐ OG BEINLAUS




698 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* FROSIN **ÝSUFLÖK** M.ROÐI OG BEINI



698 KR.kg

KS **FROSINN** SALTFISKUR ÞORSKUR / STYRTLUSTYKKI




579 KR.kg

*NORÐANFISKUR:* **FRYSTAR** STEIKTAR FISKBOLLUR




698 KR.kg

*FISKBÚÐIN OKKAR:* **FERSKAR** STEIKTAR FISKBOLLUR




698 KR.800g

*BÓNUS* ÝSUBITAR Í RASPI 800g **FRYSTIVARA**

## LÆGRA VÖRUVERÐ Í TUTTUGU OG EITT ÁR




298 KR. 250g

ÍSLENSK HAMSATÓLG FRÁ ÓLAFSVÖLLUM 250g




498 KR. 540g

KÚTTER JÓLASÍLD 540g




198 KR. 900g

BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g




Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.




298 KR. 800g

ORA FISKIBOLLUR HEILDÓS 800g




298 KR. 900g

BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900g




OS JÓLASMJÖR
215 KR. 500g

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTA BÓNUS**

Skráðu þig á póstlista Bónus á heimasíðunni *www.bonus.is* og fáðu nýjustu Bónustilboðin send til þín í tölvupósti

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fyrstur, **6.** tveir eins, **8.** tunna, **9.** fyrirboði, **11.** ætíð, **12.** skrælnuð trjágrein, **14.** ísjaki á sjó, **16.** í röð, **17.** útsæði, **18.** upphrópun, **20.** til, **21.** innyfla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** uss, **3.** slá, **4.** endurnefna, **5.** mánuður, **7.** frami, **10.** púka, **13.** bókstafur, **15.** fræ, **16.** kk nafn, **19.** frú.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** frum, **6.** uu, **8.** áma, **9.** spá, **11.** sí, **12.** sprek, **14.** hafís, **16.** de, **17.** fræ, **18.** úff, **20.** að, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** suss, **3.** rá, **4.** umskíra, **5.** maí, **7.** upphefð, **10.** ára, **13.** eff, **15.** sæði, **16.** dúi, **19.** fr.


Umsóknir um styrki úr
# Verkefnasjóði
sjávarútvegsins



**Verkefnasjóður sjávarútvegsins, deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði, auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna.**

Sjóðurinn mun styrkja rannsóknir á sjávarlífverum sem nú eru nytjaðar eða sem mögulegt væri að nytja. Áhersla verður lögð á verkefni sem efla rannsókna- og þróunarstarf á lífríki sjávar umhverfis Ísland og styrkja til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs. Horft verður til grunnslóðarannsókna, vöktunar strandsvæða, þorskrannsókna og verkefna sem tengjast þróun aðferða við nýtingu á lífverum sjávar, svo sem líftækni sem og fleiri þátta sem kunna að falla að verkefnum og tilgangi sjóðsins.

Við mat umsókna verður lögð áhersla á nýnæmi verkefnisins m.t.t. nýrrar þekkingar og/eða aukinna nýtingarmöguleika á lífríki sjávar. Veittir verða styrkir til stærri verkefna, allt að 8 m.kr. hver, og til smærri verkefna allt að 2 m.kr. hver. Styrkur nemur að hámarki 50% af áætluðum heildarkostnaði viðkomandi verkefnis. Styrkir eru veittir til eins árs í senn. Heimilt er að veita framhaldsstyrk á grundvelli nýrrar umsóknar, enda standist verkefnið kröfur um framvindu og gæði.

Allir geta sótt um styrki, einstaklingar, fyrirtæki og rannsókna- og háskólastofnanir. Í stærri verkefnum er hvatt til samstarfs mismunandi aðila með þátttöku vísindamanna víða af landinu.

**Umsóknarfrestur er til 31. desember 2010 og skulu umsóknir sendar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknir skulu einnig berast á rafrænu formi á netfangið: hulda@slr.stjr.is. Umsóknir sem berast eftir 31. desember 2010 verða ekki teknar gildar nema póststimpill sýni að umsóknin hafi verið póstlögð ekki síðar en þann dag.**

Þeir sem fengu styrk úr sjóðnum við síðustu úthlutun og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.

*Nánari upplýsingar um sjóðinn og leiðbeiningar um frágang umsókna er að finna á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins* www.sjavarutvegsraduneyti.is



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Ímyndunarafl / SLR



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI HALLDÓR BALDURSSON

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

vísir.is


# Málfarsfasisminn

**BAKÞANKAR Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**

**FÁTT** í þessum heimi fer meira í taugarnar á mér en vitlaus stafsetning og rangt málfar. Ég geri mér grein fyrir því að með því að játa þetta opna ég í fyrsta lagi fyrir það að fólk eins og ég muni grandskoða þennan pistil í leit að villum og í öðru lagi að þeim sem ekki falla í umræddan hóp finnist ég alveg hreint ótrúlega leiðinleg.



**ÉG** get bara ekkert að þessu gert. Skiptin sem ég hef verið komin á fremsta hlunn með að senda tölvupóst á vefmiðla til þess að leiðrétta villur í fréttum eru óteljandi. Sem betur fer hef ég alltaf stoppað mig af. Þegar ég fæ tölvupóst frá háskólakennara sem skrifar bandvitlaust get ég ekki annað en dæmt svolítið og það sama gildir um aðra. Nema náttúrlega þá sem eru les- eða skrifblindir, þá er ég samúðin uppmáluð. Sökum kurteisi eða kannski af ótta við að fá á mig málfarsfasistastimpil leiðrétti ég samt yfirleitt ekki.

**EINFALDAR** stafsetningarvillur eru eitt, og að ruglast á i og y og –n og –nn getur nú komið fyrir alla. Boðskapurinn kemst alveg til skila. Það er þegar fólk ruglar saman orðum eða orðatiltækjum sem lítill hluti af mér deyr – villu fyrir villu. Svo ekki sé minnst á kolrangar beygingar.

**FÓLK** virðist samt algjörlega vera hætt að kippa sér upp við „mig hlakkar til að sjá þig“. Nú eða það allra, allra versta í mínum bókum: að nota orðið víst í staðinn fyrir fyrst. Afsakið leiðindin, en þessi víxlun bara gengur engan veginn upp. Er fólk bara hætt að hlusta á sjálft sig tala?

**ÞÓ** að ég sé haldin þessum leiðindasjúkdómi, eða kannski einmitt vegna þess, er ég skíthrædd um að fá á mig gagnrýni af þessu tagi. Mér finnst ég eiga að kunna þetta. Fyrir nokkrum árum hrósaði pabbi minn mér fyrir pistil sem ég skrifaði í þetta blað en bætti við í gríni að ég hefði samt skrifað „músirnar“ í stað „mýsnar“ einhvers staðar. Af hverju ég var að tala um mýs er mér löngu gleymt. En ég var miður mín lengi og vonaði heitt að enginn annar hefði tekið eftir þessari hörmung. (Og nú er bara að vona að enginn finni villu hér).

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Ný bók frá Yrsu!

„STENST SAMANBURÐ
**VIÐ ÞAÐ SEM BEST GERIST**
Í GLÆPASÖGUM SAMTÍMANS.“

–TIME LITERARY SUPPLEMENT UM ÖSKU

Ungt fólk sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum – og fannst aldrei. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í grípandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu og magna upp dulúð njóta sín til hins ítrasta.

„Svar Íslands við Stieg Larsson“.
– Daily Telegraph




DYNAMO REYKJAVÍK

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872








**HÖNNUN GUNNARS MAGNÚSSONAR** Gunnar hefur verið einn afkastamesti innanhússarkitekt Íslands. Vinstra megin má sjá verk úr línunni Nývirki en hægra megin er sett úr Apollo-línunni.

# Leita að húsmunum eftir Gunnar

Hönnunarsafn Íslands leitar nú að húsmunum eða myndum af húsmunum eftir Gunnar Magnússon innanhússarkitekt. Tilefnið er yfirlitssýning á verkum Gunnars í Hönnunarsafninu í febrúar næstkomandi.



**HARPA ÞÓRSDÓTTIR**

Gunnar Magnússon er einn af frumkvöðlum í íslenskum húsgagna- og innanhússarkitektúr og einn afkastamesti íslenski húsgagnahönnuðurinn frá sjöunda áratugnum fram til 1990. Þekkt eru hin hringlaga Apollo-húsgögn, sem Gunnar hannaði 1968 sem og skákborðið sem hann hannaði fyrir einvígi Fischers og Spasskís 1972.

„Ég hugsa að flestir hafi séð verk Gunnars, en gera sér ekki endilega grein fyrir að þau séu eftir hann," segir Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands. „Því miður voru verkin hans ekki öll skráð og því biðlum við til fólks sem á eða telur sig eiga hönnun eftir Gunnar í sínum fórum að hafa samband við okkur."

Auk þess að hanna húsgögn innréttaði Gunnar margar byggingar, til dæmis jarðhæðina á Hótel Holti, sem og mörg íbúðarhús, sérstaklega í Fossvoginum þegar hann var að byggjast upp á sjöunda og áttunda áratugnum.

„Eflaust hefur mörgum innréttingum verið fleygt síðan þá," segir Harpa, „en það er líka hugsanlegt að einhvers staðar megi finna upprunalegar innréttingar eftir hann, jafnvel þótt þær hafi verið málaðar. Ef fólk á enn slíka húsmuni í fórum sínum eða lumar á gömlum ljósmyndum af þeim yrðum við mjög þakklát."

- bs

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

STJÓRNARHÆTTIR Í ÍSLENSKU VIÐSKIPTALÍFI

HÁDEGISVERÐARFUNDUR FVH OG KPMG

MIÐVIKUDAGINN 24. NÓVEMBER
KL. 12:00 – 13:30 Á GRAND HÓTEL

Ýmsar spurningar hafa vaknað um stjórnarhætti sem hafa viðgengist í íslensku viðskiptalífi og er viðskiptasiðferði í mörgum tilvikum dregið í efa. Samfélagið kallar á breytt vinnulag hjá félögum og að stjórnarmenn og stjórnendur axli ábyrgð á gerðum sínum.



**Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur** fjallar um Handbók stjórnarmanna sem KPMG var að gefa út.



**Daði Ólafsson, héraðsdómslögmaður** verður með hugleiðingar um takmörkun á ábyrgð endurskoðenda og tilvik sem leitt geta til ríkari ábyrgðar stjórnarmanna í hlutafélögum.



**Margret G. Flóvenz, endurskoðandi** fer yfir ábyrgð stjórnarmanna á ársreikningi og samskipti stjórnar og endurskoðanda.



**Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri vátryggingasviðs Fjármálaeftirlitsins** fjallar um athugun FME á hæfi stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila með áherslu á fjármálafyrirtæki.

Fundarstjóri er Georg Andersen, MBA

KPMG

**Vinsamlegast skráið þátttöku** á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317.

**Verð** með hádegisverði: 3.000 kr. félagsmenn, 4.900 kr. aðrir.

SIGLINGA- OG SAMGÖNGURANNSÓKNIR:

KYNNINGARFUNDUR UM RANNSÓKNASTYRKI

**Kynningafundur um siglinga- og samgöngurannsóknir verður haldinn á Grand Hótel, fimmtudaginn 25. nóvember kl. 9 -11 árdegis.**

**DAGSKRÁ:**

**Dr. Ralf Fieldler** frá Project Management Jülich í Þýskalandi: **Transnational Maritime and Transport Research and Funding in an European Dimension**
*Fjármögnun samevrópskra siglinga- og samgöngurannsókna*

**Dr. Skúli Þórðarson** frá Vegsýn, landstengiliður samgöngurannsókna við 7RÁ: **Organisation of Transport research in Iceland and European Opportunities**
*Skipulag samgöngurannsókna á Íslandi og tengsl við Evrópskt rannsóknarstarf*

Að loknum erindum munu fyrirlesarar svara fyrirspurnum. Athugið að fundurinn fer fram á ensku.

**Fundarstjóri:**
Jón Bernódusson, staðgengill forstöðumanns Rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.
*Project Management Jülich*

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
PtJ Projektträger Jülich Forschungszentrum Jülich
Siglingastofnun

★★★★½

„… besta og þroskaðasta verk höfundar … framúrskarandi.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Þetta er Arnaldur eins og hann gerist bestur, **jafnvel betri.**“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið

„… **merkilegur byggingameistari …**“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

„**Fantavel skrifað** hjá honum.“

Egill Helgason / Kiljan

„Hér er á ferðinni langbesta bók höfundar … **þvílíkur rússíbani!**“

Grímur Atlason / midjan.is

„… einstaklega góð bók … **meistaraverk …**“

Kolbrún Ósk / midjan.is

„… fantagóð saga, **listilega fléttuð** og stíluð af sjálfsöryggi höfundar sem kann sitt fag, og vel rúmlega það.“

Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið




1. SÆTI
AÐALLISTAR
EYMUNDSSON OG FÉLAGS ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA ALLT FRÁ ÚTKOMU



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**520.000** **EINTÖK AF NÝJUSTU PLÖTU TAKE THAT** seldust á einni viku í Bretlandi. Platan markar endurkomu Robbie Williams í hljómsveitina. Engin plata hefur selst jafn hratt í Bretlandi í 13 ár, eða síðan Be Here Now með Oasis seldist í 663.000 eintökum á einni viku árið 1997.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 23. nóvember 2010**

### Tónleikar



**12.15** Hádegistónleikar ungra einsöngvara, Erlu Bjargar Káradóttur og fleiri, í **Íslensku óperunni** í dag klukkan 12.15. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og geta gestir keypt sér léttar veitingar.

**20.00** Hausttónleikar Háskólakórsins verða haldnir í Neskirkju, í kvöld klukkan 20. **Miðaverð er 2.000 krónur,** 1.500 krónur fyrir nema, eldri borgara og öryrkja.

**21.00** Tónleikar með **Dætrasonum** á Café Rosenberg, Klapparstíg 25-27 í kvöld klukkan 21. **1.000 króna aðgangseyrir.**

### Fræðslufundir

**10.30** **Fjölskyldumorgunn** í Gerðubergssafni kl. 10.30 með Flore Nicolas jurtalækni. Rætt verður um hvernig má forðast og lækna kvef barna með ýmsum náttúruvörum og mat. **Allir velkomnir.**

### Fyrirlestrar

**12.00** **Málstofa** á vegum Viðskiptafræðideildar og Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljóss verður haldin í dag í Odda, stofu 201, kl. 12-13. **Pétur Yang Li** flytur fyrirlesturinn **China's Economic Integration** with the World. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**FLOTTUR SKOTI** Skoska sjarmatröllið Gerard Butler mætti í sínu fínasta pússi á hátíðina.



**Á UPPLEIÐ** Ungstirnið Annalynne McCord er dugleg að sækja ýmsa viðburði í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stjörnurnar skinu á rauða dreglinum

**Fjöldi stórstjarna sótti hinn árlega viðburð CNN Heroes: An All-Star Tribute um helgina. Þar er hetjum hversdagsins fagnað og góð málefni studd. Stjörnurnar mættu í sínu fínasta pússi á rauða dregilinn fyrir viðburðinn og létu ljós sitt skína.**



**FÖNGULEG** Leikkonan Halle Berry leit vel út í þessum hvíta kjól. Hún hefur fundið ástina á ný í örmum mótleikara síns, hins franska Oliviers Martinez.



**FAGURBLEIK** Renee Zellweger mætti í þessum bleika kjól á rauða dreglinum og stillti sér síðan ankannalega upp fyrir framan myndavélarnar.








**UPPTÖKUR Í FULLUM GANGI** Garðar Örn Arnarson, til vinstri, og Erlingur Jack Guðmundsson, til hægri, tóku upp myndband fyrir Klassart, þrátt fyrir litla reynslu. MYND/HILMAR BRAGI

# Lítt reyndir nemar tóku upp myndband

„Þetta gekk ótrúlega vel og tók enga stund,“ segir Garðar Örn Arnarson, 22 ára nemi við Kvikmyndaskóla Íslands.

Garðar og félagi hans, Erlingur Jack Guðmundsson, fengu það verðuga verkefni að taka upp tónlistarmyndband við lagið „Þangað til það tekst“, sem hljómsveitin Klassart sendi nýlega frá sér.

Garðar og Erlingur eru á annarri önn sinni í Kvikmyndaskólanum og því verður það að teljast vel gert hjá strákunum að hafa tekið upp heilt tónlistarmyndband, þrátt fyrir litla reynslu.

„Ég var með hljómsveitinni á Akureyri og þau spurðu hvort ég gæti tekið upp myndband fyrir sig,“ segir Garðar. „Við byrjuðum að taka upp á laugardagsmorgni klukkan sex og vorum búnir rétt eftir hádegi,“ segir Garðar, en tökurnar fóru fram á Paddy's í Keflavík. „Við þurftum að redda öllu, nema náttúrlega hljómsveitinni.“

Erlingur skrifaði handritið að myndbandinu og Garðar sá um framleiðslu, en báðir sáu þeir um leikstjórn. Myndbandið verður

> Við verðum að sanna okkur upp á nýtt í skólanum, en það er fínt að fá reynsluna.
>
> GARÐAR ÖRN ARNARSON
> NEMI VIÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

frumsýnt í byrjun desember en lagið er þegar farið í spilun og situr í sjötta sæti á vinsældalista Rásar tvö. „Lagið fjallar um ást, sem var smá áskorun fyrir okkur strákana. En þetta gekk upp og kemur ótrúlega vel út,“ segir Garðar, en þeir notuðu með annars 400 sprittkerti við gerðina á myndbandinu.

Garðar segir kennarana í Kvikmyndaskólanum vita af myndbandinu en að það komi náminu ekkert við. „Við verðum að sanna okkur upp á nýtt í skólanum, en það er fínt að fá reynsluna,“ segir Garðar.

Hljómsveitin Klassart ætti ekki að vera öllum ókunn, en lagið „Gamli grafreiturinn“ fékk mikla spilun á útvarpsrásum landsins í haust.

- ka

★★★★½

# „Besti krimmi sem ég hef lesið í nokkurn tíma.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„… hefur það allt til að bera sem einkennir góðan krimma … varpar ljósi á samtíma okkar á óvæntan og hrollvekjandi hátt.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„… geymir … einhverja óvæntustu og sniðugustu fléttu sem ég hef lengi séð í bók af þessu tagi.“

ILLUGI JÖKULSSON / DV.IS

„Frábær bók.“

FREYR EYJÓLFSSON / MORGUNÚTVARP RÁSAR 2

„Meistarakrimmi. Besta bók Árna Þórarinssonar. Hugrökk og sönn.“

ÁRNI MATTHÍASSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Spennandi og afhjúpandi, óhugnanleg og mjög óvænt í lokin.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR / MENNTAMÁLARÁÐHERRA

„Klárlega besta bókin hans Árna hingað til.“

KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON

★★★★

„… glæsilega unnin, með sterkri samfélagslegri sýn og ríkri siðferðilegri boðun … voveifleg lýsing á því samfélagi sem við höfum búið okkur …“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



**Mest selda íslenska skáldsagan á eftir Arnaldi***

*Samkvæmt metsölulista Eymundsson og Félags íslenskra bókaútgefenda 17. nóvember.










# Bieber maður kvöldsins

**Hinn ungi Justin Bieber var maður kvöldsins á Bandarísku tónlistarverðlaununum sem afhent voru á sunnudagskvöld. Bieber sópaði að sér fjórum verðlaunum og var meðal annars valinn listamaður ársins. Meðal annarra sem hlutu verðlaun voru hin sykursæta Taylor Swift, sem var valin kántrísöngkona ársins, Eminem sem var rappari ársins og Rihanna sem var R&B-söngkona ársins.**



**FRÁSKILIN AÐ VESTAN** Christina Aguilera er laus og liðug í dag og lét það ekki trufla fagran sönginn.



**INNLIFUN** Maður kvöldsins tók að sjálfsögðu lagið við gríðarlegan fögnuð áhorfenda. Auk þess að vera listamaður ársins fékk Bieber verðlaun fyrir plötu sína, My World 2.0, nýliði ársins og sem poppsöngvari ársins. NORDICPHOTOS/GETTY



**RAUÐAR KRULLUR** Rihanna var einn af listamönnum kvöldsins. Hún tók að sjálfsögðu lagið og viðstaddir nutu hverrar mínútu.




**FYNDNIR** Rico Rodriguez og Eric Stonestreet, úr hinum frábæru þáttum Modern Family, mættu á svæðið og afhentu verðlaun.



**LAGLEG** Fergie úr Black Eyed Peas mætti að sjálfsögðu á svæðið og sýndi laglegar línur. Svo söng hún líka.



**FLOTTIR** Usher og Justin Bieber eru miklir mátar og stilltu sér upp með verðlaunin sín.

Tónlist ★★★

**Allt sem þú átt**

Friðrik Dór

## Upprennandi stórstjarna




Friðrik Dór er 22ja ára söngvari og lagasmiður úr Hafnarfirði sem hefur verið að gera það gott að undanförnu með lögum eins og Hlið við hlið, Á sama stað og Fyrir hana. Allt sem þú átt er hans fyrsta plata og það er hægt að segja það strax að strákurinn byrjar með stæl.

Friðrik Dór semur lögin og textana sjálfur, en flest lögin eru tekin upp og útsett af upptökutvíeykinu Redd Lights sem eru þeir Jóhann Bjarkason og Ingi Már Úlfarsson. Tónlistin á Allt sem þú átt er r&b-litað popp af þeirri tegund sem gjarnan hljómar á FM957 og Kananum. Friðrik hefur fína poppsöngrödd og lögin hans eru mörg fín. Textarnir, sem eru á íslensku, fjalla um stelpur, sambönd og djamm og eru fínir fyrir svona tónlist. Það er líka flottur hljómur á plötunni og greinilegt að Redd Lights (og Stop Wait Go sem koma við sögu í þremur lögum) kunna alveg að búa til nútímalegt popp af þessu tagi. Það eina sem hægt er að finna að plötunni er að lögin eru sum svolítið keimlík og sömu hljóðeffektarnir víða áberandi.

Á heildina litið er þetta samt flott frumsmíð. Maður bíður spenntur eftir meira efni, bæði frá Friðriki Dór og Redd Lights!

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Friðrik Dór stimplar sig inn í íslenskt popplandslag með fínni frumsmíð.

# Fékk ráð hjá Downey Jr.

Gwyneth Paltrow deyr ekki ráðalaus ef hana vantar ráð. Hún upplýsti í kanadísku útgáfunni af Hello! að hún hefði þegið góð ráð hjá Robert Downey Jr. hvað varðar ávanabindandi vímuefni. Eins og flestum ætti að vera kunnugt kom Downey sér reglulega í klandur út af slíkum málum á sínum yngri árum.

Paltrow leitaði til Downey fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Country Strong en þar leikur hún einmitt kántrístjörnu sem á í erfiðleikum með vímuefnin. Leikkonan vildi helst vita hvernig Downey hefði getað gert sig að fífli á einhverjum bar, niðurlægt ástvin og vaknað daginn eftir og látið eins og ekkert hefði í skorist. „Ég skildi þetta bara ekki," segir Paltrow.



**GÓÐIR VINIR** Paltrow fékk góð ráð hjá Robert Downey fyrir hlutverk sitt í Country Song.



# ALLTAF BETRA VERÐ

## MARGMIÐLUNARDAGAR SKOÐIÐ ÚRVALIÐ



TILBOÐ

**UNITED SJÓNVARPSFLAKKARI**

United HD MMP 9530
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Optical og Composite tengi, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

**11.990**



Þægilegt notendaviðmót

**SJÓNVARPS FLAKKARI**

ICY BOX MP-304
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite, USB Uplink og Optical tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

**19.990**



ICY BOX

**HÁSKERPU SJÓNVARPS FLAKKARI**

Ódýrasti HÁSKERPU spilarinn fyrir harðan disk

ICY BOX MP3011
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, USB, Optical tengi, net-stuðningi: Webradio, BitTorrent, RSS (Flickr, Picasa o.fl.). Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

**29.990**

TViX

**HÁSKERPU SPILARI**



1080P
HDMI
H.264
LAN

Ódýrasti HÁSKERPU spilarinn

DViCO TViX N-1
HD margmiðlunarspilari sem spilar alla staðla í USB, nettengdar tölvur eða í sjónvarp. Spilar af USB minnislyklum, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN. HDMI, Component og A/V tengi. USB, 10/100 Ethernet og kortalesari.

**24.990**

Mesti skráastaðla-stuðningurinn



**HÁSKERPU SPILARI**

AC Ryan Playon!HD Mini
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl.
NAS fyrir heimanet.
Fullkomin fjarstýring.

**29.990**

Einfaldasta notendaviðmótið



**HÁSKERPU SPILARI**

WD TV HD Live
Fullkominn HD 1080P spilari sem tengist beint á net eða USB flakkara. HDMI, LAN, Composite A/V og USB. Spilar alla staðla.

WD

**29.990**

TViX

**HÁSKERPU SJÓNVARPS FLAKKARI**

Hágæða TViX flakkari



DViCO TViX S-1
Háskerpu H.264 margmiðlunar-spilari fyrir alla staðla. VFD skjár, USB, LAN, HDMI, Optical tengi o.fl. Spilar af USB lyklum, eSATA, USB flökkurum eða tölvum yfir LAN.

**34.990**

TILBOÐ



**HÁSKERPU SJÓNVARPSFLAKKARI**

AC Ryan Playon!HD
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl.
NAS fyrir heimanet.
Fullkomin fjarstýring.

**34.990**

Með upptöku 2 rásir í einu

**UPPTÖKU SJÓNVARPS FLAKKARI**



AC Ryan Playon!DVR HD
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með DVB-T móttakara, FTP stuðningi, HDMI, Component, Composite, optical tengi. Spilar efni af USB lyklum og kortum. Halar niður beint á diskinn af Bittorent ofl.
NAS fyrir heimanet.
Fullkomin fjarstýring.

**59.990**

## ÞÚ FINNUR RÉTTA SPILARANN HJÁ OKKUR!

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁSGEIR ARON ÁSGEIRSSON** skrifaði í gær undir þriggja ára samning við 1. deildarlið HK. Hann kemur til félagsins frá ÍBV, þar sem hann náði ekki að festa sig í sessi. Ásgeir Aron er 24 ára gamall miðjumaður sem er uppalinn hjá KR en lék með Fjölni í efstu deild eftir að hafa farið frá KR.

## ÚRSLIT

*IE-deild karla*

**Keflavík-Njarðvík 78-72**

Keflavík: Lazar Trifunovic 27/15 fráköst, Valentino Maxwell 16/4 fráköst/3 varin skot, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/12 fráköst/3 varin skot, Hörður Axel Vilhjálmsson 11/6 fráköst/7 stoðsendingar, Gunnar Einarsson 10, Þröstur Leó Jóhannsson 2.

Njarðvík: Christopher Smith 15/10 fráköst/6 varin skot, Guðmundur Jónsson 14, Friðrik E. Stefánsson 9/11 fráköst, Magnús Þór Gunnarsson 9, Páll Kristinsson 6/6 fráköst, Lárus Jónsson 6, Jóhann Árni Ólafsson 6/4 fráköst, Rúnar Ingi Erlingsson 3, Egill Jónasson 2, Kristján Rúnar Sigurðsson 2.

**Hamar-Grindavík 78-76**

Hamar: Andre Dabney 27/9 fráköst/7 stoðsendingar, Ellert Arnarson 14/6 stoðsendingar/5 stolnir, Darri Hilmarsson 13/5 fráköst, Nerijus Taraskus 8/6 fráköst, Svavar Páll Pálsson 7/11 fráköst, Ragnar Á. Nathanaelsson 4/5 fráköst, Kjartan Kárason 3, Snorri Þorvaldsson 2.

Grindavík: Ólafur Ólafsson 19/7 fráköst, Jeremy Kelly 17/4 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 15/9 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 13/9 fráköst, Guðlaugur Eyjólfsson 8, Ármann Vilbergsson 2, Björn Steinar Brynjólfsson 2/7 fráköst.

**Fjölnir-KFÍ 103-95**

Fjölnir: Ben Stywall 32/7 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 21/5 fráköst/7 stoðsendingar, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 14/9 fráköst/6 varin skot, Arnþór Freyr Guðmundsson 10, Tómas Heiðar Tómasson 9, Hjalti Vilhjálmsson 8, Jón Sverrisson 5/5 fráköst, Sindri Kárason 4.

KFÍ: Craig Schoen 20/6 fráköst/6 stoðsendingar, Darco Milosevic 17/9 fráköst, Nebojsa Knezevic 17/5 fráköst, Carl Josey 13/13 fráköst, Daði Berg Grétarsson 12/5 stoðsendingar, Hugh Barnett 7/4 fráköst, Ari Gylfason 7, Pance Ilievski 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **8** | **7** | **1** | **789-731** | **14** |
| KR | 8 | 6 | 2 | 809-687 | 12 |
| **Grindavík** | **8** | **6** | **2** | **718-637** | **12** |
| Stjarnan | 8 | 5 | 3 | 699-670 | 10 |
| **Hamar** | **8** | **5** | **3** | **668-650** | **10** |
| Keflavík | 8 | 5 | 3 | 701-682 | 10 |
| **Fjölnir** | **8** | **4** | **4** | **727-714** | **8** |
| Haukar | 8 | 3 | 5 | 690-739 | 6 |
| **KFÍ** | **8** | **2** | **6** | **737-802** | **4** |
| Tindastóll | 8 | 2 | 6 | 623-708 | 4 |
| **Njarðvík** | **8** | **2** | **6** | **607-695** | **4** |
| ÍR | 8 | 1 | 7 | 698-751 | 2 |

# Það er alltaf glatað að tapa

**Njarðvíkingar töpuðu fimmta deildarleik sínum í röð er þeir biðu lægri hlut gegn grönnum sínum frá Keflavík í miklum baráttuleik í gær. Úrslit leiksins réðust ekki fyrr en á lokamínútunni.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar yfirgáfu Toyota-sláturhúsið tómhentir í gær. Baráttan var allsráðandi í leik þeirra gegn erkifjendunum í Keflavík. Viðureignin sveiflukennd og spennandi þó ekki hafi mikið verið skorað.

Undir lokin hélt undirritaður að gestirnir væru að sigla sigrinum í höfn en þá spýttu heimamenn í lófana og kláruðu dæmið með sex stiga sigri. Hrakfarir Njarðvíkinga halda því áfram og þeir hafa tapað fimm deildarleikjum í röð.

„Það er alltaf glatað að tapa," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur. „Lið sem hefur tapað nokkrum leikjum í röð á oft erfitt með að ná sigrinum í spennuleikjum. Það voru teknar rangar og vafasamar ákvarðanir í lokin sem skiluðu því að við unnum ekki leikinn. Við vorum að spila ágætlega í þessum leik og þessi forysta sem við náðum í lokin ætti að duga jafn reynslumiklu liði," sagði Sigurður.

Villurnar léku Njarðvíkinga grátt strax í byrjun. Jóhann Árni Ólafsson var kominn með þrjár villur um miðjan fyrsta leikhluta og Christopher Smith fékk svo sína þriðju stuttu síðar við litla hrifningu þjálfarans Sigurðar Ingimundarsonar.

Magnús Þór Gunnarsson var mættur aftur í Njarðvíkurbúninginn, hann byrjaði á bekknum en þegar hann kom inn gegn sínum gömlu félögum og skoraði sín fyrstu stig var mikið fagnað í öðrum helmingi stúkunnar. Það sást þó í gær að hann á enn eftir að koma sér betur inn í leik Njarðvíkur.



**KOMINN HEIM** Magnús Gunnarsson er kominn aftur frá Danmörku og skoraði níu stig í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Keflvíkingar byrjuðu betur og leiddu með tíu stiga mun að loknum fyrsta leikhluta. Þeir kláruðu fjórðunginn með stæl, með glæsilegri þriggja stiga körfu Harðar Axels Vilhjálmssonar og svo troðslu hjá Gunnari Einarssyni.

Njarðvíkingar komust í öllu betri gír í öðrum leikhlutanum, allt liðið var farið að virka betur og þeir náðu að snúa stöðunni við, komust í fyrsta sinn yfir 30-32. Heimamenn fóru þó með forystuna inn í hálfleikinn, staðan 37-34.

Spennan hélt áfram eftir hlé og jafnræði var með liðunum en Keflavík leiddi með fjórum stigum fyrir lokafjórðunginn. Hart var barist og þurfti Keflvíkingurinn Hörður Axel Vilhjálmsson að vera utan vallar um tíma eftir að hafa hlotið skurð við augabrún.

Með góðum kafla komust Njarðvíkingar skrefinu á undan en þegar Valentino Maxwell setti niður þrist og jafnaði féll stemningin með heimamönnum. Lokamínútan var gríðarlega spennandi, Keflavík var með þriggja stiga forystu og Njarðvíkingar fóru illa að ráði sínu svo heimasigur varð staðreynd.

„Við vorum ekki að spila góðan leik fannst mér, náðum



**UNDIR KÖRFUNNI** Jóhann Árni Ólafsson átti ekki sinn besta leik í gær og skoraði aðeins sex stig.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

fínum köflum en komumst aldrei almennilega í gang. Þetta var ekki að ganga upp hjá okkur í fráköstum og vítanýtingu," sagði Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn.

„Þetta var mjög harður leikur og stress í gangi. Ég er ánægður með að við náðum allavega að klára þetta. Við vissum að Njarðvíkingar kæmu brjálaðir til leiks enda að duga eða drepast fyrir þá. Það er sterkt fyrir okkur að vinna þetta."

Serbinn Lazar Trifunovic var stigahæstur hjá Keflavík en hann hefur verið að koma sterkur í liðið. „Hann hefur verið að gera vel en getur enn betur en hann sýndi í þessum leik. Hann hefur samt komið með aukna samkeppni í þessar stóru stöður, með meiri læti og ég er mjög ánægður með hann," sagði Guðjón. **elvargeir@frettabladid.is**


## Hádegistilboð

Opið: mán - mið 11 - 20
fim - lau 11- 22
sunnud. 12 - 20

Portborgari og franskar kr. 1090
Portvefja, hýðishrísgrjón og salat kr. 1090
Bættu við súpu og salatbar fyrir aðeins kr. 590

PORTIÐ
Kringlunni



Gildir virka daga frá kl. 11 - 14.30 - www.portid.is - 553 8878




**MÆTAST AFTUR** Fram vann Hauka þegar liðin mættust í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dregið í fjórðungsúrslit Eimskipsbikarsins:

# Meistararnir fengu erfitt verkefni

**HANDBOLTI** Dregið var í fjórðungsúrslit í Eimskipsbikarkeppni karla og kvenna í gær. Í karlaflokki fengu bikarmeistarar Hauka erfitt verkefni en liðið mætir Fram á útivelli.

Þessi lið mættust í deildinni á dögunum og þá höfðu Framarar betur.

„Við höfum getuna til að klára öll lið – hvar og hvenær sem er," sagði Reynir Þór Reynisson, þjálfari Fram. „Haukarnir voru í vandræðum um helgina eftir að hafa verið að gera fína hluti í Þýskalandi um helgina og sýndu að það er fullt til í þeirra liði," bætti hann við en Haukar töpuðu þá naumlega fyrir þýska úrvalsdeildarliðinu Grosswallstadt í Evrópukeppninni.

Í kvennaflokki sluppu fjögur efstu lið N1-deildar kvenna við að mætast innbyrðis en þar munu bikarmeistarar Fram mæta Val 2. **- esá**

**8 liða úrslit bikarsins**

**Karlar:**

| | |
|---|---|
| Víkingur - Akureyri | Fram - Haukar |
| ÍR - FH | Selfoss - Valur |

Leikið 5. og 6. desember

**Konur:**

| | |
|---|---|
| HK - Stjarnan | ÍBV - Valur |
| Fjölnir/Afturelding - Fylkir | Valur 2 - Fram |

Leikið 18. og 19. janúar

Sunderland mætti Everton:

# Arteta tryggði jafnteflið

**FÓTBOLTI** Danny Welbeck, lánsmaður frá Manchester United, var ekki fjarri því að tryggja Sunderland sigur gegn Everton í gær.

Hann skoraði í tvígang fyrir Sunderland eftir að liðið hafði lent undir. Fyrst með skoti af stuttu færi og síðan með glæsilegum skalla. Hann skoraði einnig í síðasta leik gegn Chelsea og er sjóðheitur þessa dagana.

Það var Tim Cahill sem kom Everton yfir með skalla áður en Welbeck skoraði tvisvar. Mikel Arteta bjargaði síðan stigi fyrir Everton er hann jafnaði leikinn sjö mínútum fyrir leikslok. Skot utan teigs fór í varnarmann og þaðan í netið.

Sunderland er í sjöunda sæti eftir leikinn en Everton er í fjórtánda sæti. **- hbg**



**SJÓÐHEITUR** Danny Welbeck fagnar hér marki gegn Everton í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


## Hýsing og lén - allt á einum stað fyrir eitt lágt verð.

628 kr./mán.*

*Miðað við 3 ára hýsingarsamning

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

P.o. Box 126 ::: 121 Reykjavík ::: Sími 546 1984 ::: info@1984.is ::: www.1984.is




Filton/SÍA

# 50 HELGILEIKIR Í JÓLAMÁNUÐINUM

Stöð 2 Sport 2 boðar ykkur mikinn fögnuð í desember. 50 leikir í enska boltanum, þar af fjórar heilar umferðir um jólin. Gerast kraftaverkin hjá Liverpool? Verða stuðningsmenn Arsenal og Man. Utd. bænheyrðir eða nær Chelsea að halda sér í hæstu hæðum? **Fáðu þér áskrift, sjáðu æsispennandi helgileiki og haltu heilaga hátíð í desember.**

**Fjöldi stórleikja:**
Chelsea – Everton
Liverpool – Aston Villa
Man. Utd. – Arsenal
Newcastle – Liverpool
Tottenham – Chelsea
Chelsea – Man. Utd.
Arsenal – Chelsea




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**GYLFI ÞÓR** Var seldur á væna upphæð og rifist er um peningana. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

FH og Breiðablik í hár saman:

## FH vill fá meira fyrir Gylfa

**FÓTBOLTI** FH vill fá rúmlega þriðjungshlut af rúmlega 100 milljóna króna greiðslu sem Breiðablik fékk við sölu Gylfa Þórs Sigurðssonar frá Reading til Hoffenheim. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Gylfi var seldur á rúman milljarð íslenskra króna til Hoffenheim. Fimm prósent af þeirri upphæð skiptast á milli Reading, FH og Breiðabliks. Enginn ágreingur er um þá greiðslu.

Ágreiningurinn snýst aftur á móti um hvernig skipta eigi tíu prósentum af sölunni. Blikar sömdu við Reading á sínum tíma um að félagið fengi tíu prósent af næstu sölu en sú upphæð er 103 milljónir króna. FH hefur óskað eftir að sjá samninginn sem Blikar gerðu við Reading en FH óttast að hagsmunum félagsins hafi verið kastað fyrir róða í þeim samningi.

FH vill fá 36,2 prósent af upphæðinni, eða 37 milljónir króna. Málið er komið inn á borð félagaskiptanefndar KSÍ og er beðið eftir gögnum frá enska knattspyrnusambandinu. - hbg

Fimmta umferð Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld með átta leikjum:

# Arsenal má ekki við því að misstíga sig gegn Braga

**FÓTBOLTI** Meistaradeildin fer aftur af stað í kvöld en línur eru talsvert farnar að skýrast eftir fjórar umferðir. Chelsea er komið áfram, sem og FC Bayern og Real Madrid. Arsenal er á toppi síns riðils en staða liðsins samt viðkvæm.

Roma er einnig í viðkvæmri stöðu og mætir FC Bayern í kvöld. Þar þurfa Rómverjar sárlega á góðum úrslitum að halda til þess að tryggja sína stöðu og komast áfram. AC Milan þarf einnig að passa sig en tap hjá liðinu gegn Auxerre í kvöld mun setja allt í háaloft í þeim riðli.

Það er Rómverjum í hag að marga lykilmenn vantar hjá Bayern í kvöld. Þeir Mark van Bommel, Holger Badstuber, Arjen Robben, Miroslav Klose, Bastian Schweinsteiger og Ivica Olic eru allir frá og munar um minna.

Arsenal varð fyrir áfalli um helgina er það tapaði fyrir Tottenham eftir að hafa komist 2-0 yfir. Maroune Chamakh, framherji liðsins, vonar að úrslitin um helgina þjappi liðinu saman fyrir leikinn gegn Braga í kvöld.

„Sigur í þessum leik mun hjálpa okkur að gleyma Tottenham-leiknum,“ sagði Chamakh en Arsenal vann fyrri leik liðanna 6-0.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur sagt sínum mönnum að vera á tánum í Portúgal. Annars geti farið illa.

„Við megum ekki misstíga okkur eins og í Donetsk. Við höfum metnað til þess að vinna þennan riðil og ætlum okkur að gera það,“ sagði Wenger en Braga jafnar Arsenal að stigum með sigri í kvöld. - hbg

### Leikir kvöldsins

**E-riðill:**
AS Roma - FC Bayern
FC Basel - FCR Cluj
**Staðan**: Bayern 12 stig, Roma 6, Cluj 3, Basel 3.

**F-riðill:**
Spartak Moskva - Marseille
Chelsea - MSK Zilina
**Staðan**: Chelsea 12 stig, Spartak 6, Marseille 6, Zilina 0.

**G-riðill:**
Auxerre - AC Milan
Ajax - Real Madrid
**Staðan**: Real 10 stig, AC Milan 5, Ajax 4, Auxerre 3.

**H-riðill:**
Braga - Arsenal
Partizan Belgrad - Shakhtar Donetsk
**Staðan**: Arsenal 9 stig, Shakhtar 9, Braga 6, Partizan 0.



**ROMA VERÐUR AÐ VINNA** Ítalska liðið Roma þarf sárlega á sigri að halda gegn FC Bayern í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**FÉLAGAR Á NÝ** Evra og Rooney á góðri stund. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Patrice Evra:

## Búinn að fyrirgefa Rooney

**FÓTBOLTI** Ekkert vandamál er á milli þeirra Patrice Evra og Wayne Rooney að sögn þess fyrrnefnda.

Eins og frægt er greindi Rooney óvænt frá því í síðasta mánuði að hann vildi ekki skrifa undir nýjan samning við Manchester United. Hann gaf í skyn að hann vildi fara frá félaginu og var Evra einn þeirra sem gagnrýndu hann opinberlega á þeim tímapunkti.

Rooney hætti svo skyndilega við, skrifaði undir nýjan samning og lék um helgina sinn fyrsta leik með United eftir fjarveru vegna meiðsla.

„Við ætlum allir að hjálpa honum að komast aftur í sitt besta form og skora fyrir United á ný,“ sagði Evra. „Við Wayne ræðum ekki fortíðina, við hugsum aðeins um framtíðina. Framtíðin er sú að hann verður aftur einn bestu leikmanna heims.“

„Það sem ég sagði var að félagið sjálft væri það mikilvægasta, ekki Wayne Wooney eða Patrice Evra. Ég sagði aldrei að leikmennirnir væru á móti Rooney.“ - esá

N1 DEILDIN

BOLTAVEISLA UM ALLT LAND

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Haukar – Valur | Ásvellir | 24. nóv. kl. 19:30 |
| Akureyri – HK | Höllin Akureyri | 25. nóv. kl. 19:00 |
| Selfoss – Fram | Selfoss | 25. nóv. kl. 19:30 |
| Afturelding – FH | Varmá | 25. nóv. kl. 19:30 |

Það er óhætt að lofa spennandi leikjum í N1 deild karla. Fjölmennum á völlinn og hvetjum okkar menn!

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

# 25 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af 25 ára afmæli Hátækni bjóðum við fjölmörg frábær tilboð í verslun okkar. Að auki bjóðum við sérstakan 25% afmælisafslátt af 25 sérvöldum vörum fram til áramóta.

25 VÖRUR 25% AFSLÁTTUR ÁRA

**25 vörur á 25% afmælisafslætti. Fylgstu með framhaldinu.**



TILBOÐ

Tilboðsverð **179.995 kr.**

### 42" LG 42LD420N

- Full HD LCD sjónvarp frá LG
- 1920 x 1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður
- 2 x HDMI
- USB 2.0
- SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

42LD420N

LG



TX-P46S20E

40.000 afsláttur

Tilboðsverð **229.995 kr.**

Verð áður 269.995 kr.

### 46" Panasonic Plasma 600Hz

- 46 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum
- 1920 x 1080 punkta upplausn • 600Hz tækni
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla.

Panasonic



TX-P50S20E

30.000 afsláttur

Tilboðsverð **299.995 kr.**

Verð áður 329.995 kr.

### 50" Panasonic Plasma 600HZ

- 50 tommu plasma-sjónvarp með frábærum myndgæðum
- 1920 x 1080 punkta upplausn • 600Hz tækni
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla.

Panasonic



LG

TILBOÐ

37LD450N

Tilboðsverð **169.995 kr.**

### 37" LG LCD Full HD 50Hz TV

- Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður • 2 x HDMI • USB 2.0
- SRS True Surround (2 x 10W) hljóðkerfi



LG

32LD320N

20.000 afsláttur

Tilboðsverð **99.995 kr.**

Verð áður 119.990 kr.

### 32" LG LCD TV

- HD Ready LCD sjónvarp frá LG • 1366 x 768 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður • 2 x HDM • USB 2.0
- SRS True Surround hljóðkerfi

vara 7



14000021076

MRX CB25 Heyrnatól

2.995 ▶ 25% 2.246 kr.

vara 14



5009108

Útvarp viðar „CONCERTO"

6.995 ▶ 25% 5.246 kr.

vara 24



51EF0210AA001

Headset HS-1000 Fatal1ty

11.995 ▶ 25% 8.996 kr.

vara 17



SF213-B1

Armfesting 2 arma 13"-27"

14.995 ▶ 25% 11.246 kr.

vara 3




TSX130

Yamaha Desktop Audio

69.995 ▶ 25% 52.496 kr.

vara 6



XAM-7-B

X-mini Max II Black

12.995 ▶ 25% 9.746 kr.

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

PIPAR\TBWA • SÍA • 102762

**Opið:** virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

> Zachary Levi

„Veistu, ég er eiginlega frekar stoltur af meiðslum mínum úr hinum ýmsu orrustum. Mjög fáir í heiminum geta sagt að þeir hafi þurft að láta lækni sauma 14 spor í sig eftir leik í Nintendo.“

Zachary Levi fer með hlutverk hins bráðgáfaða Chucks í samnefndum þáttum sem sýndir eru á Stöð 2 á þriðjudagskvöldum kl. 21.35.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VAR Í ATLAVÍK

# Þegar Ringo sparkaði í Stöðfirðing



Nýtt fréttamagasín Ríkisútvarpsins sem einbeitir sér að lífinu á landsbyggðinni fer vel af stað. Þegar þetta er skrifað hafa þrír til fjórir þættir verið sýndir á sunnudagskvöldum og allir hafa átt það sameiginlegt að innihalda bæði áhugavert og skemmtilegt efni.

Í efnistökum fara Rúvarar um víðan völl; sagt er frá daglegu amstri fólksins í landinu og eitt og annað rifjað upp frá fyrri tímum í samhengi.

Í síðasta þætti var fólk á Austurlandi sótt heim. Ferðasalerni var ástæða heimsóknarinnar en sagan segir að bítillinn Ringo Starr hafi setið á því einn manna. Auðvitað er töluverð eign í salerninu fyrir þessar sakir, ef þetta reynist rétt. Hins vegar hefur þessi saga verið rengd af mönnum sem þekkja vel til sögu þessa salernis. En ég ætla ekki að láta það fara í taugarnar á mér því fréttin var fyrir mér sérstaklega skemmtileg vegna þess að Atlavíkurhátíðin 1984 var rifjuð upp. Skemmtileg myndskeið færðu mig nokkur ár aftur í tímann, enda er hátíðin ógleymanleg þeim sem hana upplifðu. Verðlaunaafhending hljómsveitakeppninnar var sýnd þar sem Ringo afhenti Höskuldi vini mínum Svavarssyni sigurlaunin. Skólahljómsveitin Fásinna hafði þá sigrað með yfirburðum og við Eiðamenn grétum gleðitárum. Ég sat reyndar á sviðinu og horfði upp eftir rokkgoðinu sjálfu; ég reyndi að hrista af honum stjörnurykið með því að halda þéttingsfast í buxnaskálmina hjá trommaranum fræga. Þetta er í eina skiptið sem rokkstjarna hefur virt mig viðlits og mér fannst upphefð að því að einn af frægari mönnum þessa heims skyldi sjá ástæðu til að sparka í mig. Ég fullyrði að Ringo hreytti út úr sér „Let it be“, þegar hann sparkaði í mig í annað skiptið. Þetta andartak var ég hluti af rokksögunni.

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 Útkall Rauður - Strandið á sandinum** Heimildamynd eftir Hauk Hauksson og Pál Benediktsson um strand eins glæsilegasta fiskiskips Íslendinga, Baldvins Þorsteinssonar EA. (e)
**16.00 Þýski boltinn** (e)
**16.55 Handboltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Svona eru mæður** (5:6) (Sådan er mödre)
**18.00 Friðþjófur forvitni** (12:20)
**18.25 Krakkamál – Fugla ástir**
**18.30 Kobbi gegn kisa** (6:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (29:34) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.50 Sportið** Í þættinum er fjallað um hinar ýmsu íþróttagreinar frá margvíslegum hliðum á skemmtilegan hátt.
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Luther** (6:6) (Luther) Breskur sakamálaflokkur um harðsnúnu lögguna Luther sem fer sínar eigin leiðir.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**
**10.00 Custody**
**12.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**14.00 The Groomsmen**
**16.00 Custody**
**18.00 Mee-Shee: The Water Giant**
**20.00 First Wives Club**
**22.00 Witness**
**00.00 Arrivederci amore, ciao**
**02.00 Rocky Balboa**
**04.00 Witness**
**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (7:25)
**11.00 Wipeout - Ísland**
**11.50 Monk** (8:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (7:24)
**13.25 Cadillac Man**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**16.15 Nonni nifteind**
**16.40 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (4:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (10:19)
**19.50 How I Met Your Mother** (5:22)
**20.20 The Middle** (17:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcholm in the Middle.
**20.45 Two and a Half Men** (5:22)
**21.10 Cougar Town** (24:24)
**21.35 Chuck** (2:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**22.25 The Shield** (11:13) Sjöunda þáttaröðin um lögregluið í Los Angeles.
**23.15 Daily Show: Global Edition**
**23.40 Gossip Girl** (2:22)
**00.30 Grey's Anatomy** (8:22)
**01.15 Medium** (8:22)
**02.00 Nip/Tuck** (7:19)
**02.40 Real Sex 33: Stocks Down, Sex Up**
**03.25 Revolve**
**05.10 The Middle** (17:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**16.20 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur helgaður ungu íþróttafólki.
**16.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**17.20 Meistaradeild Evrópu: Spartak-Marseille** Bein útsending.
**19.20 Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.




**19.30 Meistaradeild Evrópu: Braga - Arsenal** Bein útsending.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Auxerre - Milan**
**00.10 Meistaradeild Evrópu: Ajax - Real Madrid**
**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Sunderland - Everton**
**14.10 WBA - Stoke**
**15.55 Arsenal - Tottenham**
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Pep Guardiola** Magnaðir þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola.
**19.00 Blackburn - Aston Villa**
**20.45 Fulham - Man. City**
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Man. Utd. - Wigan**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (9:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (9:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 90210** (3:22) (e)
**15.55 Rachael Ray**
**16.40 Dr. Phil**
**17.20 Parenthood** (7:13) (e)
**18.05 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**18.30 Fyndnar fjölskyldumyndir** (8:10) (e)
**18.55 Real Hustle** (7:10)
**19.20 Rules of Engagement** (8:13) (e)
**19.45 Whose Line Is It Anyway** (19:20)
**20.10 The Marriage Ref** (11:12)
**21.00 Nýtt útlit** (10:12)
**21.50 Nurse Jackie** (8:12) .
**22.20 United States of Tara** (8:12)
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: New York** (16:23) (e)
**00.25 Sordid Lives** (11:12) (e)
**00.50 CSI: Miami** (23:25) (e)
**01.35 Nurse Jackie** (8:12) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.30 Golfing World** (e)
**12.20 Golfing World** (e)
**13.10 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Junior Ryder Cup 2010** (e)
**19.40 The Open Championship Official Film 2009** (e)
**20.35 European Tour - Highlights 2010**
**21.25 PGA Tour Yearbooks** (8:10)
**22.25 Golfing World** (e)
**23.15 Ryder Cup Official Film 2010** (e)
**00.30 Golfing World** (e)
**01.20 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita upplýsingar um heilsufarsmál.
**19.40 Gossip Girl** (12:22) Þriðja þáttaröðin um fordekraða krakka á Manhattan.
**20.25 That Mitchell and Webb Look** (1:6) Skemmtilegur grínþáttur með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (2:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana.
**22.35 V** (11:12) Vandaðir spennuþættir sem segja frá því þegar geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
**23.20 The Event** (8:13) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem lendir í skelfilegri lífsreynslu.
**00.05 Dollhouse** (8:13) Spennuþáttaröð sem gerist í nánni framtíð þar sem undirheimafyrirtæki gera út sérstaka málaliða.
**00.55 Unhitched** (4:6) Framleiðendur eru Farrelly-bræður sem m.a. gerðu There's Something about Mary og Dumb and Dumber.
**01.20 Gossip Girl** (12:22)
**02.05 The Doctors**
**02.45 Sjáðu**
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 2 gestir** Lára Stefánsdóttir, skólameistari ræðir við Óliver Hilmarsson, brimbrettakappa.
**18.45 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur** Gurrý og félagar byrjuð á jólaskreytingum.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LÚR BETRI HVÍLD

# Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30

### Braga - Arsenal

Í kvöld fara fram átta leikir í Meistaradeild Evrópu og verða fjórir



þeirra sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Aðalleikur kvöldsins er viðureign Braga og Arsenal í Portúgal en Arsenal getur tryggt sér sæti í 16 liða úrslitum með sigri í kvöld.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **10.03** Veðurfregnir **10.08** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **11.03** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Friðhelgi **14.03** Kosningar til Stjórnlagaþings 2010 **15.03** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **22.05** Veðurfregnir **22.10** Kosningar til stjórnlagaþings 2010 **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ,Allo ,Allo! **15.15** ,Allo ,Allo! **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hotel Babylon **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Life of Riley **19.30** Wrong Door **20.00** Whose Line Is It Anyway? **20.30** Spooks **21.20** Life of Riley **21.50** Wrong Door **22.20** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Come Dine With Me **23.10** Come Dine With Me **23.35** EastEnders

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Mission Ledelse **13.30** Fængslet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag på Tåsinge **19.30** Stemmer fra Vollsmose **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk: Våbenbrødre **22.35** Borgen **22.55** OBS **23.35** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.05** Spekter **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Filmavisen 1960 **15.10** Hjarte i Afrika **16.00** NRK nyheter **16.10** Yum Yum med Noman **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen: Magasin **19.15** På tro og are **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Den store reisen **23.25** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Från Lark Rise till Candleford **13.10** Springpojkar är vi allihopa **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** En garde **22.35** State of Mind **23.20** Starke man **23.50** Kinas mat







## MORGUNMATURINN



*„Mér finnst mjög fínt að fá mér hafragraut með smá mjólk út á og tek svo lýsi. Þetta tvennt vekur mig algjörlega. Svo fæ ég mér einn kaffibolla.“*

Ísak Freyr Helgason förðunarfræðingur.

# Hógvær Paul Potts vill íslenskan bjór

Breski tenórinn Paul Potts treður upp með Björgvini Halldórssyni í Laugardalshöll nú í byrjun desember ásamt aragrúa söngvara, meðal annars norsku Eurovision-stjörnunni Alexander Rybak. Potts, sem er fyrrverandi símasölumaður í Bridgend, er greinilega ekki þjakaður af stjörnustælum því hann gerir ekki miklar kröfur um aðbúnað baksviðs – og þó.

Listi yfir það sem Potts fer fram á þegar hann kemur fram á tónleikum, svokallaður „rider“, er fremur hófsamur miðað við lista margra kollega hans sem sótt hafa landið heim síðustu ár. Mesta athygli vekur að Potts gerir kröfu um að tveir kaldir bjórar séu tilbúnir þegar hann stígur niður af sviðinu. Þeir bjórar mega ekki vera frá erlendum framleiðanda heldur íslenskum og því bíður tónleikahaldaranna ærið verkefni að velja úr þeim íslensku tegundum sem í boði eru.

Annars eru kröfurnar fremur lágstemmdar og tónleikahaldarar verða ekki í miklum erfiðleikum með að uppfylla þær, Potts vill hafa allt klárt fyrir teið sem hann drekkur, vatnið má ekki vera ískalt og þá verður að vera beittur hnífur baksviðs svo hann geti skorið sítrónur út í teið sitt. Reyndar verða tónleikahaldarar að sjá til þess að ostabakki sé fyrir hendi, ef ske kynni að Potts yrði svangur milli hljóðprufunnar og tónleikanna sjálfra. - fgg




**HÓFSAMAR KRÖFUR** Paul Potts fer fram á að fá tvo kalda íslenska bjóra til að svolgra í sig þegar hann stígur niður af sviðinu í Laugardalshöll. Tónleikahaldara bíður það vandasama verk að velja rétta bjórinn.






KRISTINN ÞÓRÐARSON: ÞETTA VORU MARAÞONTÖKUR UPPI Á JÖKLI

# Þýsk mynd um landkönnuði tekin upp á Langjökli

„Þetta hljóta að vera einhverjar lengstu kvikmyndatökur sem hafa farið fram uppi á jökli hér á Íslandi,“ segir Kristinn Þórðarson hjá Saga Film.

Um helgina lauk fjórtán daga tökumaraþoni fjörutíu manna tökuliðs frá Þýskalandi og Íslandi uppi á Langjökli. Jökullinn leikur stórt hlutverk í nýrri þýskri sjónvarpsmynd sem fjallar um frægt kapphlaup Roalds Amundsen og Roberts Scott á Suðurskautslandinu árið 1911 en hún verður frumsýnd í mars á næsta ári á þýsku stöðinni ZDF.

Að sögn Kristins nutu þeir aðstoðar frá Flugbjörgunarsveitinni sem sá um að gæta fyllsta öryggis á tökustað en þar að auki komu nokkrir íslenskir leikarar við sögu, meðal annars Davíð Guðbrandsson og Ívar Örn Sverrisson. Á tímabili voru þrjátíu sleðahundar uppi á jökli og fjórir hestar, svo eitthvað sé nefnt. Þá hafði tökuliðið greiðan aðgang að Einari Sveinbjörnssyni veðurfræðingi, sem kom þýskum kvikmyndagerðarmönnum stöðugt í opna skjöldu með ótrúlegri nákvæmni í veðurspám.

„Hann var alveg ótrúlegur og í 95 prósent tilvika var þetta rétt hjá honum. Hann sá meðal annars fyrir hvenær stormur upp á 25 metra á sekúndu myndi ganga niður, upp á mínútu.“ Eins og gefur að skilja geta veður verið ansi válynd uppi á jökli og breyst skyndilega. „Við fengum alls kyns veður, stundum var blankalogn og heiðskírt en og svo brast á með 25 stiga gaddi. Til allrar hamingju fyrir okkur og þýska tökuliðið voru það einmitt þannig aðstæður sem þeir vildu í myndina.“

Tökuliðið hélt af landi brott í gærmorgun og Kristinn segir Þjóðverjana hafa verið gríðarlega ánægða með hvernig til tókst. „Þeir vildu ólmir koma aftur og gera eitthvað meira seinna,“ segir Kristinn. Hann kann ekki skýringu á því hvers vegna Langjökull sé svona vinsæll hjá kvikmyndagerðarfólki sem vill ná fram suðurskautsáhrifum en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu var tekin upp auglýsing á jöklinum með austurrísku skíðakempunni Hermann Maier. „Valið stóð á milli Langjökuls og Vatnajökuls en aðgengið upp á Langjökul er einfaldlega miklu betra, hann er styttra frá höfuðborginni og þess vegna varð hann fyrir valinu.“ freyrgigja@frettabladid.is



**MARAÞONTÖKUR Á LANGJÖKLI**

Fjörutíu manna tökulið frá Þýskalandi og Íslandi tók upp sjónvarpsmynd á Langjökli. Myndin fjallar um kapphlaup tveggja landkönnuða á suðurpólinn árið 1911 og verður frumsýnd á ZDF á næsta ári. Leikstjórinn Oliver Halmburger er klæddur í appelsínugula úlpu.










# Klippa fyrir Krabbameinsfélagið

„Við erum búin að spara daginn og reyndum að bóka ekki mikið svo hægt væri að fá sem flesta í heimsókn,“ segir Kristján Aage Hilmarsson, hárgreiðslumaður á Sjoppunni. Á morgun stendur stofan fyrir góðgerðadegi til styrktar Krabbameinsfélaginu þar sem starfsmenn Sjoppunnar bjóða upp á klippingu allan daginn, gegn frjálsu framlagi. „Fólk kemur í klippingu, borgar það sem það vill og allur peningurinn fer beint í Krabbameinsfélagið,“ segir Kristján.

Hinn 24. nóvember í fyrra lést móðir Kristjáns úr krabbameini en hún hafði barist við sjúkdóminn í tvö ár. Á miðvikudaginn er því ár síðan móðir hans lést. „Ég er elstur af fjórum systkinum og þó að þetta sé búið að vera erfitt fyrir mig er þetta búið að vera enn erfiðara fyrir yngri systkini mín. Þetta er búið að vera átakanlegt ár,“ segir Kristján, sem telur að annar hver Íslendingur þekki krabbamein að einhverju leyti. „Þetta er mjög útbreiddur sjúkdómur og snertir marga. Okkur á stofunni langaði að gera eitthvað gott fyrir hátíðirnar,“ segir Kristján.

En hvað gerir þá fólk sem vill koma í klippingu og leggja málefninu lið? „Við mælum með því að fólk hringi og panti tíma á undan. Við erum níu að vinna hérna svo við ættum að geta klippt vel yfir daginn. En annars er öllum velkomið að koma í heimsókn og fá kaffi,“ segir Kristján og bætir við að fólki sé að sjálfsögðu frjálst að styrkja sjóðinn þó að það þiggi ekki klippingu.

Hægt er að panta tíma hjá Sjoppunni í síma 511 1221, en stofan er í Bankastræti 14. - ka



**MINNIST MÓÐUR SINNAR** Kristinn Aage missti móður sína úr krabbameini fyrir ári. Hann og félagar hans á hársnyrtistofunni Sjoppunni klippa til styrktar Krabbameinsfélaginu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


www.ellingsen.is
ALLT FYRIR RJÚPNAVEIÐINA!
Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en þú heldur til rjúpnaveiða.
20% afsláttur af völdum rjúpnaveiðivörum
Síðustu dagarnir
Ekki missa af
RJÚPUNNI
REMINGTON 887 Nitro Mag SPS 3 1/2”
Veðurþolin haglabyssa sem tekur upp í 3½” skotfæri. Hlaupið er húðað með ArmorLokt™ og sérstakur púði dregur úr bakslagi. Góð byssa fyrir byrjendur og þá sem veiða við erfiðar aðstæður.
Verð áður 99.900 kr.
Verð 69.900 kr. 11.650 kr. léttgr. í 6 mán.
REMINGTON Sportsman 11-87
12ga hálfsjálfvirk með skiptanlegum þrengingum. Gasskipt byssa sem gefur mýkra bakslag en bakslagsskiptar byssur. Traust og góð byssa.
Verð áður 169.900 kr.
Verð 134.900 kr. 22.483 kr. léttgr. í 6 mán.
BROWNING Phoenix Composite 28”
Browning Phoenix Composite fæst með 28 tommu hlaupi og skiptanlegum þrengingum. Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu frá Winchester.
Verð áður 199.900 kr.
Verð nú 149.900 24.983 léttgr. í 6 mán.
RCBS hleðsluefni 25% afsláttur
WINCHESTER og REMINGTON rjúpnaskot
Verð frá 1.190
Tatonka legghlífar
Hlífa skófatnaði og buxum við bleytu.
Verð áður 14.990 kr.
Verð 11.992 kr.
Hawke sjónauki
Góður og traustur sjónauki. Nauðsynlegur í allar veiðiferðir.
Verð áður 4.990 kr.
Verð 3.992 kr.
Reykjavík
Fiskislóð 1 · Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16
Akureyri
Tryggvabraut 1–3 · Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPAR\TBWA • SÍA • 102988

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bragi lofaður í FT

Sendiherrann eftir **Braga Ólafsson** fékk mjög góða dóma í breska stórblaðinu Financial Times í gær. Þar er ferill Braga rakinn og á það bent að í bókinni heldur sögupersónan því fram að allir á Íslandi séu annað hvort skáld eða tónlistarmenn. Það sé kannski svolítið fyndið í ljósi þess að höfundur bókarinnar sé hvort tveggja; hann hafi jú spilað á bassa með Björk í Sykurmolunum. Gagnrýnandinn Adrian Turpin segir bókina jafn heillandi og hún sé fyndin og skrítin en eins og Fréttablaðið hefur greint frá keypti Kvikmyndafélag Íslands kvikmyndaréttinn að bókinni fyrir skemmstu.



### Og ekki er Arnaldur síðri

En Bragi er ekki sá eini sem fékk góða dóma í breskum blöðum því um helgina gaf Independent Harðskafa eða Hypothermia eftir **Arnald Indriðason** fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Gagnrýnandinn hleður bókina lofi, segir hana vera mannlega nálgun á sorg og sektarkennd sem sé í senn hrífandi og sláandi. Frásögnin sé lipurlega skrifuð og haldi áhorfandanum föngnum án þess að gripið sé til lýsinga á ofbeldi, bílaeltingaleikja eða pyntinga.

- fgg



## Mest lesið vísir.is

1. Undirbjó morðið í marga mánuði
2. Fór í skyndi með Ellu Dís á spítala í London
3. Tók fram úr bifreið og ók á gangandi vegfarendur
4. Gat á poka og blóðblettir í skotti komu upp um Gunnar
5. Sigurður Einars vildi klappstýrutilburði frá ráðherra





